# FRÉTTABLAÐIÐ

258. TÖLUBLAÐ 16. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — ÞRIÐJUDAGUR 1. NÓVEMBER 2016














# Spilaborg



**Bjarni Benediktsson** fer fram á stjórnarmyndunarumboðið. Katrín Jakobsdóttir vill mynda fimm flokka stjórn. Benedikt Jóhannesson vill að hans flokkur, Viðreisn, leiði stjórnarmyndun og formaður Bjartrar framtíðar styður þá kröfu. Píratar vilja styðja minnihlutastjórn Viðreisnar, Vinstri grænna og Bjartrar framtíðar en Samfylkingin fer ekki í ríkisstjórn.

**STJÓRNMÁL** Leiðtogar allra flokka sem sæti eiga á Alþingi gengu á fund forseta Íslands á Bessastöðum í gær. Á fundunum var rædd sú staða sem upp er komin í stjórnmálum hér á landi en í fyrsta sinn í þrjátíu ár er ekki hægt að mynda tveggja flokka stjórn.

Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, hefur verið mjög afdráttarlaus frá kosningum um að flokkurinn eigi að leiða stjórnarmyndun. Sjálfstæðisflokkurinn er tæplega tvöfalt stærri en næststærsti flokkur landsins, Vinstri græn, undir stjórn Katrínar Jakobsdóttur. Katrín gekk á fund forseta og lýsti því yfir að sitt fyrsta val við myndun nýrrar ríkisstjórnar væri fimm flokka ríkisstjórn Vinstri grænna, Samfylkingar, Bjartrar framtíðar, Pírata og Viðreisnar. Myndun slíkrar stjórnar er vandkvæðum bundin því Benedikt Jóhannesson, formaður Viðreisnar, hefur sagt að ekki sé vilji til þess að ganga til liðs við Píratabandalagið svokallaða.

Píratar áttu óvæntasta útspil dagsins og sögðust vera tilbúnir að verja minnihlutastjórn Vinstri grænna, Bjartrar framtíðar og Viðreisnar falli. Samfylking yrði líka að koma að vörn slíkrar minnihlutastjórnar og hefur lýst sig reiðubúna til þess. Formaður Vinstri grænna brást við þessu og sagði meirihlutastjórn vænlegri kost. Benedikt Jóhannesson útilokar ekki minnihlutasamstarf.

Björt framtíð, næstminnsti flokkur landsins, átti einnig óvænt útspil að loknum fundi með forsetanum þegar Óttarr Proppé, formaður flokksins, segist hafa óskað eftir því að Viðreisn leiddi stjórnarmyndunina. Benedikt sjálfur lagði einnig til að Viðreisn leiddi stjórnarmyndun en flokkurinn er nýr á þingi með sjö þingmenn.

Þá vill Benedikt að samhliða stjórnarmyndunarviðræðum verði sett á fót samstarf allra flokka til að ræða vinnubrögð á Alþingi.

Formaður Framsóknarflokksins, Sigurður Ingi Jóhannsson, segir flokkinn tilbúinn í samstarf við hvern sem er.

Forseti fundar aftur með formönnum í dag. – snæ / sjá síður 4 og 8

## Formannsskipti og umræður um að leggja flokkinn niður



Oddný Harðardóttir sagði af sér formennsku í Samfylkingunni í gær eftir fund með forseta Íslands á Bessastöðum. Stjórnina eftirlét hún Loga Einarssyni, nýkjörnum varaformanni flokksins, sem jafnframt er eini kjördæmakjörni þingmaður hans eftir útreiðina í alþingiskosningum á laugardag. Heimildir Fréttablaðsins herma að almennir flokksmenn ræði nú lausn á vandræðum flokksins. Viðraðar hafi verið hugmyndir um að sameinast Bjartri framtíð eða koma til framkvæmda þeirri hugmynd sem lögð var fram í aðdraganda formannskjörs að leggja flokkinn niður og byrja upp á nýtt.

## Þingfararkaup tvöfaldast

**KJARAMÁL** Kjararáð hittist á kjördag og hækkaði laun þingmanna, ráðherra og forseta Íslands. Hækkunin tók gildi 30. október og tekur því einnig til biðlauna ráðherra og þingmanna sem hætta í kjölfar kosninga.

Þingfararkaup hækkar um 44% og er nú rúm 1,1 milljón á mánuði. Ráðherrar fá 35,5 prósenta hækkun og verða með 1,8 milljónir í laun eftir hækkun.

Forsætisráðherra fær 200 þúsund krónum meira. Laun forseta hækka um fimmtung og verða rétt tæpar þrjár milljónir. Hækkunin kemur ofan á almenna 7,15 prósenta hækkun frá í júní.

Í úrskurðinum, sem birtist á vef Kjararáðs í gær, segir að mikilvægt sé að þjóðkjörnir fulltrúar séu fjárhagslega sjálfstæðir. Störf þeirra eigi sér ekki hliðstæðu á vinnumarkaði.

– jóe / sjá síðu 8

## Fréttablaðið í dag


**SKOÐUN** Gylfi Arnbjörnsson skrifar um félagslegan stöðugleika 14

**SPORT** Stigahæsti Íslendingurinn elskar að spila vörn. 16

**TÍMAMÓT** Guðrún Ingólfsdóttir bókmenntafræðingur hefur rannsakað skriftaiðju kvenna. 18

**LÍFIÐ** Pólskt súpermódel í myndbandi með Úlfur Úlfur. 30

**PLÚS 2 SÉRBLÖÐ** ● **FÓLK** ● **BÍLAR**




*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015










## Veður




Víða hægir vindar og léttskýjað í dag. Hiti 1 til 6 stig að deginum. SJÁ SÍÐU 22

# Hrekkjavökuhátíðin festir sig í sessi



Hrekkjavökuhátíðin er farin að festa sig í sessi hér á landi. Á meðal þekktra hefða á hátíðinni er að ganga hús úr húsi og þiggja sælgæti, að sækja hrekkjavökupartí og skera út grasker. Þessi börn voru á ferð í Vesturbænum í Reykjavík síðdegis í gær og þáðu sælgæti. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Þingaldur VG hæstur

**STJÓRNMÁL** Þingflokkur Vinstri grænna hefur hæsta meðaltalsþingaldurinn en þingmenn flokksins hafa að meðaltali setið níu þing.

Framsóknarflokkurinn og Sjálfstæðisflokkurinn fylgja í kjölfarið en þingmenn flokkanna hafa að meðaltali setið rúmlega 6,2 þing.

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir er eini þingmaður Viðreisnar sem áður hefur setið á þingi. Sé þingaldri hennar dreift niður á flokkinn hafa þingmenn setið 2,5 þing að meðaltali. Hinir sex þingmenn Viðreisnar hafa aldrei setið á Alþingi

Þingflokkar Bjartrar framtíðar og Pírata hafa lægstan þingaldur en hann er tvö þing hjá hvorum flokki um sig. Sjö þingmenn Pírata setjast á þing í fyrsta sinn. – jóe



Steingrímur J. Sigfússon alþingismaður VG

## Verður einu ári lengur

**BRETLAND** Mark Carney, bankastjóri Englandsbanka, ætlar að stýra bankanum þangað til í júní 2019. Það þýðir að hann verður einu ári lengur yfir bankanum en hann hafði ætlað sér.

Carney hafði ákveðið að vera í fimm ár. Hann verður hins vegar tveimur árum skemur en bankastjórar Englandsbanka eru yfirleitt. Theresa May, forsætisráðherra Breta, segir að ákvörðun Carneys um að vera áfram stuðli að stöðugleika á þeim tíma þegar Bretar eru að semja um útgöngu úr ESB. Bretar ákváðu hinn 23. júní síðastliðinn að ganga út. – jhh



Mark Carney bankastjóri Englandsbanka

## Níu sagt upp störfum

**FJÖLMIÐLAR** Útgáfufélagið Birtíngur sagði í gær upp níu starfsmönnum. Karl Óskar Steinarsson framkvæmdastjóri segir að fólk í ólíkum störfum hafi misst vinnuna

„Við erum að bregðast við erfiðum rekstrarskilyrðum fjölmiðlafyrirtækja. Til dæmis miklum launahækkunum, með því að einfalda reksturinn og hagræða. Því miður þurfti að segja upp fólki og það er sársaukafullt en óhjákvæmilegt,“ segir hann.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er horft til enn frekari hagræðingaraðgerða. Meðal annars hafi verið rætt að selja út úr fyrirtækinu tímaritin Séð og heyrt, Nýtt Líf, Söguna alla og Júlíu. Karl Óskar vill ekkert staðfesta. „Það hefur engin ákvörðun verið tekin um það í fyrirtækinu,“ segir hann.

Auk fyrrgreindra fjölmiðla á Birtíngur Gestgjafann, Hús og híbýli og Vikuna. – jhh




# Sigmundur Davíð er sagður einangra sig

**Heimildarmenn innan Framsóknar segja Sigmund Davíð einangra sig frá flokknum. Formaðurinn fyrrverandi sagðist geta sótt meira fylgi en Sigurður Ingi. Niðurstaðan í Norðausturkjördæmi er sögð sýna fram á annað.**

**STJÓRNMÁL** Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, þingmaður Framsóknarflokks, er að einangra sig frá öðrum þingmönnum flokksins og hugnast ekki að vinna með Sigurði Inga og öðrum þingmönnum í sátt. Þetta segja heimildarmenn Fréttablaðsins innan Framsóknarflokksins. Þá er einnig sagt að stefni í að hann verði einangraður á þinginu almennt, þar muni hann fáa bandamenn eiga.



Fréttablaðið greindi frá því í gær að Sigmundur Davíð héldi því fram að undir hans forystu hefði flokkurinn getað náð allt að 19 prósenta fylgi í nýafstöðnum kosningum í stað þeirra 11,5 prósenta sem flokkurinn uppskar. Hann hafi verið búinn að leggja drög að öflugri kosningabaráttu en innbyrðis átök hafi skemmt fyrir. Sigmundur Davíð tapaði hins vegar formannsslag við Sigurð Inga Jóhannsson fyrr í haust.

Ekki náðist í Sigurð Inga við vinnslu fréttarinnar en þegar hann mætti á Bessastaði í gær til að ræða stjórnarmyndun við Guðna Th. Jóhannesson forseta sagði hann: „Það er alltaf hægt að velta fyrir sér hvað og ef en ég ætla ekki að vera í því.“

Sömu heimildarmenn eru einróma á því að vangaveltur Sigmundar Davíðs um hugsanlega niðurstöðu séu „út í hött“. Það sjáist einna best á því að flokkurinn hafi fengið 20 prósent atkvæða í Norðausturkjördæmi, sem Sigmundur Davíð leiddi, samanborið við 34,6 prósenta fylgi árið 2013.

Önnur vísbending er útstrikanir, en fréttastofa greindi frá því í gær að áberandi meira hefði verið um útstrikanir í kjördæminu en vanalega, þá helst á lista Framsóknar. Í samtali við fréttastofu sagði Gestur Jónsson, formaður yfirkjörstjórnar, að einn maður hefði verið strikaður meira út en aðrir. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins má leiða líkur að því að sá maður sé Sigmundur Davíð.

**11,5%** var fylgi Framsóknar í kosningunum.

**20%** var fylgi flokksins í Norðausturkjördæmi.

Þá herma heimildir Fréttablaðsins einnig að Gunnar Bragi muni hugsanlega einangra sig með Sigmundi Davíð og verða hans helsti, og mögulega eini, bandamaður. Gunnar bragi studdi Sigmund Davíð í formannskosningunum og sagði framboð Sigurðar Inga ekki til eftirbreytni. Það bryti gegn hefðum flokksins.

Andrúmsloftið og stemningin innan þingflokks Framsóknar á komandi kjörtímabili er sagt verða eitrað vegna viðmóts Sigmundar Davíðs. Jafnframt er það sagt gera flokkinn óstjórntækan þar sem hann muni ekki þykja nægilega stöðugur.

Ekki náðist í Sigmund Davíð við vinnslu fréttarinnar.

thorgnyr@frettabladid.is




www.forlagid.is | Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39

# Útspil Pírata opinberar plön Viðreisnar

**Fleiri möguleikar á stjórnarmyndun eru á borðinu nú en áður. Vinstriblokkin reynir af öllum mætti að mynda stjórn án Sjálfstæðisflokksins. Viðreisn er lykilflokkur við myndun nýrrar ríkisstjórnar og hefur farið fram á að fá stjórnarmyndunarumboðið.**

Kosningar 2016



Snærós Sindradóttir
snaeros@365.is

**STJÓRNMÁL** Línur voru teknar að skýrast í möguleikum til stjórnarmyndunar í gær áður en formenn sjö stærstu stjórnmálaflokka landsins gengu á fund forseta Íslands á Bessastöðum. Í lok dags hefur möguleikunum þó fjölgað og í raun hafa margir flokkar komið sér í lykilstöðu við stjórnarmyndun.

Fréttablaðið greindi frá því í gær að óformleg samtöl á milli formanna Sjálfstæðisflokks, Viðreisnar og Bjartrar framtíðar hefðu átt sér stað. Stjórn sem myndi knýja Sjálfstæðisflokkinn aftur nær Evrópumálunum en jafnframt inn í þægindasvæði sitt varðandi frekari niðurfellingu tolla og aukið frelsi í viðskiptum. Þetta stjórnarmynstur virtist það eina augljósa í stöðunni í gærmorgun í ljósi þess að Benedikt Jóhannesson, formaður Viðreisnar, hafði sagst útiloka Píratabandalagið, Vinstri græn hafa útilokað samstarf með Sjálfstæðisflokki og Sjálfstæðisflokkur og Píratar útilokað hvor annan.

Stjórn Sjálfstæðisflokks, Viðreisnar og Bjartrar framtíðar væri með minnsta mögulega meirihluta, 32 þingmenn, og hefur atkvæði 46,7 prósenta kjósenda á bak við sig.

Allt átti þetta þó eftir að breytast þegar Píratar mættu á fund forseta Íslands og sögðust reiðubúnir að verja minnihlutastjórn Vinstri grænna, Viðreisnar og Bjartrar framtíðar falli. Tilkynningin er stórmerkileg í ljósi þess að Píratar eru þriðji stærsti flokkur landsins með jafn marga þingmenn og Vinstri græn.



Forseta Íslands bíður mikilvægt verkefni að veita einum af flokkunum sjö stjórnarmyndunarumboðið. Viðreisn og Sjálfstæðisflokkur eru líklegastir til að fá umboðið og það gæti gerst í dag, á fundi formannanna með forsetanum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

## Frítt spil Pírata

Það eru bæði kostir og gallar við þessa tillögu Pírata. Í fyrsta lagi er ákveðinn kostur fólginn í því að þingflokkur Pírata, sem verður skipaður sjö alveg óreyndum þingmönnum, fái tækifæri til að læra inn á starfið og þingið án þess að þurfa að takast á við þá ábyrgð sem fylgir ríkisstjórnarsamstarfi alveg blautir á bak við eyrun. Heimildir Fréttablaðsins herma að reynsluleysi Píratanna hafi verið sérstakt áhyggjuefni mögulegra samstarfsflokka áður en úrslit kosninganna voru kunngjörð.

Aftur á móti myndi þetta skapa Pírötum óskastöðu sem gæti reynst minnihlutastjórn virkilega erfið. Með tíu þingmenn yrðu það Píratar sem réðu í raun og veru hvað færi í gegnum þingið hverju sinni, án þess að þurfa að taka ábyrgð á því sem úrskeiðis færi. Píratar gætu þannig haldið þingi og ríkisstjórn í gíslingu í hlutverki sínu sem stuðningsflokkur minnihlutastjórnar án þess að fara í gegnum venjubundna eldskírn stjórnmálaflokka við að svíkja kosningaloforð sem á endanum reynast ómöguleg. Ef Viðreisn hugnaðist ekki samstarf með Pírötum er erfitt að sjá flokkinn samþykkja þessa lendingu.

## Spilin á borðið

Viðreisn er í kjöraðstöðu til að mynda ríkisstjórn til hægri og til vinstri. Tillaga Pírata neyðir Viðreisn þó til að leggja spilin á borðið því ef Viðreisn þekkist ekki boð um að ræða að minnsta kosti við flokkana um tilboðið, bendir allt til þess að flokkurinn hafi alltaf ætlað sér í ríkisstjórn með Sjálfstæðisflokknum. Minnihlutastjórn varin af Pírötum og Samfylkingu hefði enda 34 þingmenn en þriggja flokka stjórnin sem var í kortunum aðeins 32, eins og áður hefur komið fram.

Til að tryggja minnihlutastjórninni vinsældir væri borðleggjandi að Katrín Jakobsdóttir yrði forsætisráðherra, en ný könnun sýnir að 40 prósent þjóðarinnar vilja sjá hana í því embætti. Í slíkri stjórn, sem er líklega full vinstrisinnuð fyrir þingmannahóp Viðreisnar, gæti flokkurinn engu að síður náð meiru fram en í stjórn með Sjálfstæðisflokknum.

Í öllu falli yrði fyrr ráðist í atkvæðagreiðslu um áframhald aðildarviðræðna við Evrópusambandið og hugmyndir um myntráð líkast til ekki slegnar út af borðinu strax.

Og það eru kannski helstu tíðindi kosninganna. Fjórir flokkar af sjö, með tæplega 40 prósent atkvæða, eru Evrópuflokkar sem leggja áherslu á að kanna möguleikann á aðild við Evrópusambandið. Ef Vinstri græn, sem tala fyrir þjóðaratkvæðagreiðslu líka, eru tekin með í hópinn er samanlagt fylgi þessara flokka ríflega helmingur. Stórtíðindi þegar þjóðin hélt að Evrópusambandsumræðan væri dauð.

## Ummæli gærdagsins



**Ég get sagt það við hvern sem er að ég tel að Sjálfstæðisflokkurinn geti verið kjölfestan í næstu stjórn.**

Bjarni Benediktsson



**Við erum algjörlega tilbúin til að taka þátt í og jafnvel leiða fimm flokka stjórn frá vinstri.**

Katrín Jakobsdóttir



**Mín tillaga er að við munum leiða stjórnarsamstarf og stjórnarmyndun. Þetta er nú ekki þannig að maður sé með skriflega umsókn.**

Benedikt Jóhannesson



**Við höfum lagt til að Benedikt Jóhannessyni, formanni Viðreisnar, verði gefinn möguleiki á að spreyta sig á því að mynda stjórn.**

Óttarr Proppé



**Það er augljóst að það er verið að kalla eftir meiri breidd í stjórnskipan landsins en áður hefur verið gert.**

Birgitta Jónsdóttir



**Við erum tilbúin til samstarfs við hvern sem er og erum tilbúin til að sitja í ríkisstjórn, það er ekki spurning.**

Sigurður Ingi Jóhannsson



**Við erum ekki að fara í ríkisstjórn, það er augljóst mál.**

Oddný Harðardóttir




„Fullkomið jafnvægi í fögru myndmáli ... falleg og fyndin."
JMA / MORGUNBLAÐIÐ



Höfundur málar sjálfur á ríflega 2000 eintök af bókinni

www.forlagid.is | Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39



# Nýting **erfðaupplýsinga** í heilbrigðisþjónustu

(Precision medicine)

Kári Stefánsson



Magnús Karl Magnússon

**Opinn fræðslufundur í fyrirlestrasal Íslenskrar erfðagreiningar**
Sturlugötu 8, laugardaginn 5. nóvember kl. 14.00–15.30.

Erindi flytja:

- Kári Stefánsson — læknir og erfðafræðingur
- Magnús Karl Magnússon — forseti læknadeildar HÍ
- Guðmundur Þorgeirsson — hjartalæknir
- Hilma Hólm — hjartalæknir



Guðmundur Þorgeirsson

**Kaffiveitingar frá kl. 13.30 – allir velkomnir**

Á www.decode.is/fundir getur þú fengið nánari upplýsingar um rannsóknir Íslenskrar erfðagreiningar, skoðað upptökur frá fyrri fræðslufundum og skráð þig á póstlista.



Hilma Hólm

ÍSLENSK ERFÐAGREINING 20

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA

# Þekkingarsetur verði sett á fót að Hofstöðum

**FORNLEIFAR** Starfshópur á vegum Sigrúnar Magnúsdóttur umhverfisráðherra leggur til að Hofstöðum í Mývatnssveit verði haldið í opinberri eigu og að þar verði sett á fót þekkingarsetur. Samþykkt var á ríkisstjórnarfundi á miðvikudag að kanna betur kostnað við slíka uppbyggingu og á meðan verði eignarhald staðarins óbreytt.

Hofstaðir í Mývatnssveit hafa verið í eigu og umsjón ríkisins síðan í júlí 2015, eftir að eigendur jarðarinnar féllu frá. Að mati starfshópsins sameinar Hofstaðalandið það besta sem náttúra og saga Mývatns- og Laxársvæðisins hefur upp á að bjóða og hefur ótvírætt varðveislugildi.

Á síðastliðnum áratugum hafa farið þar fram umfangsmiklar náttúru- og fornleifarannsóknir og meðal annars hafa fundist þar merkar fornminjar, sem talið er að megi rekja aftur til landnámsaldar. Ljóst er að staðurinn hefur að geyma fleiri minjar og til að mynda uppgötvaðist þar á dögunum stæðilegur landnámsskáli frá víkingaöld, sem bætir enn við þekkingu á svæðinu og gerbreytir skilningi á Hofstöðum og miðstöðvarhlutverki staðarins á víkingaöld, eins og Orri Vésteinsson lýsti í viðtali í Fréttablaðinu á föstudag. **– shá**



**Enginn staður á Íslandi er eins vel rannsakaður með tilliti til fornleifa.** MYND/ORRI


FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.
ÓÐINSGÖTU 4, SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.
Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

**Sævangur 42 – Hafnarfirði**

**Eignin verður til sýnis í dag frá kl. 17.15 – 17.45**




Vel staðsett 269,8 fm. einbýlishús á tveimur hæðum að meðtöldum 47,4 fm. bílskúr. Tvennar svalir sem snúa annars vegar í suður og hins vegar til suðausturs. Garðurinn er ræktaður og mætir óspilltu mosavöxnu og grónu hrauninu til norðurs. Stórar stofur með arni. Þrjú rúmgóð herbergi. Sjónvarpsrými. Tvö baðherbergi. Íbúð á neðri hæð með sér inngangi. Húsið er mikið endurnýjað. **Verð 77,9 millj.**



EIGNAMIÐLUN
Sala fasteigna frá 1957
Elsta starfandi fasteignasala landsins

**Lækjargata – til leigu.**




Ca. 100 fm húsnæði á jarðhæð við Lækjargötu 8 í Reykjavík við hliðina á Hraðlestinni. Í húsnæðinu var rekinn veitingarstaður. Mögulegt er að staðurinn geti stækkað um 200 fm út í nýbyggingu sem fyrirhugað er að byggja.

**Upplýsingar gefur Kjartan Hallgeirsson löggiltur fasteignasali 824-9093 og Hilmar Þór Hafsteinsson löggiltur fasteignasali og leigumiðlari.**

588 9090 · www.eignamidlun.is · Grensásvegi 11 · 108 Reykjavík


## Páfinn heimsækir frændur vora



**Frans páfi er í Svíþjóð. Í gær fór hann til Málmeyjar og Lundar. Hann hitti Munib A Younan, forseta Alheimssamtaka lútherstrúarmanna (Lutheran World Federation), og Martin Junge framkvæmdastjóra.** FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Verktakar byggja mun hraðar í Noregi en hér

**Munur á framleiðni iðnaðarmanna í byggingariðnaði í Noregi og á Íslandi nemur fjórðungi samkvæmt nýrri íslenskri rannsókn. Vandamálið á Íslandi liggur í skipulagsvanda og fjárveitingarvanda að sögn prófessors í hagfræði.**

**EFNAHAGSMÁL** Iðnaðarmenn í Noregi eru að jafnaði allt að 23 stundir að byggja hvern fermetra í íbúðarhúsnæði, á meðan þeir íslensku eru allt að 31 klukkustund með sama verkið. Íslendingar eru því um 25 prósent lengur með verkið þegar þeir vinna það á Íslandi en í Noregi. Þetta kom fram á Þjóðarspeglinum í Háskóla Íslands síðasta föstudag. Þórólfur Matthíasson hagfræðingur kynnti grein sem hann, ásamt Ævari Rafni Hafþórssyni, vann upp úr meistararitgerð Ævars.

Hugmyndin að rannsókninni kviknaði í ljósi þess að margir íslenskir iðnaðarmenn fóru til Noregs upp úr hruni. Þar voru þeir eftirsóttir starfskraftar og fengu sömu laun og þarlendir. „Framleiðnimunur á milli Íslands og Noregs getur því ekki verið vanþekkingu eða dugnaðarmun að kenna. Þó virðast íslenskir iðnaðarmenn auka framleiðni við það að fara til Noregs,“ sagði Þórólfur.

Í erindinu kom fram að auðvelt væri að bera saman framleiðnina í ljósi þess að byggingarreglugerðir eru mjög sambærilegar og að hlutfall framkvæmdakostnaðar og efniskostnaðar í heildarkostnaði sé svipaður í löndunum tveimur.

Þórólfur sagði að það sem helst skýrði muninn væri skipulagsvandi á vinnustað. „Þegar verið er að steypa upp eitthvað staðlað er minni framleiðnimunur, en þegar kemur að innanhússfráganginum er munurinn meiri. Ævar segir að skýringin sé sú að skipulagið á innanhússfráganginum sé miklu lakari á Íslandi en í Noregi,“ sagði hann. Innanhússfrágangur tekur mun lengri tíma á Íslandi og nemur 26,2 prósentum af heildarlaunum, samanborið við 19,1 prósent í Noregi.

Þórólfur benti á að skortur á skipulagi væri vegna skorts á fjármagni. Íslenskir byggingaverktakar hefðu ekki sama fjármagn og þeir norsku til að klára verkið áður en byrjað væri að hleypa íbúum inn. Íbúðir væru seldar hér og þar í íbúðarhúsnæði í einu og því ekki hægt að vinna allt verkið í einu. „Þarna er möguleiki, ef menn koma sér saman um betri leið til að skipuleggja framkvæmdirnar, og afhendingu, að auka framleiðni í byggingariðnaði á Íslandi einhvers staðar á stærðarbilinu 25 til 30 prósent sem er umtalsvert. Það er klárlega tækifæri á markaðnum til að gera betur.“

Á fundinum kom einnig fram að aðrir þættir spiluðu inn í framleiðni, svo sem óstöðugleiki í hagkerfinu, starfsmannaskortur, tæknistig og byggingaraðferðir.

**saeunn@frettabladid.is**




**Þegar verið er að steypa upp eitthvað staðlað er minni framleiðnimunur, en þegar kemur að innanhússfráganginum er munurinn meiri.**



Þórólfur Matthíasson, prófessor í hagfræði



# DIWALI

## Á AUSTUR-INDÍAFJELAGINU

20.OKTÓBER - 20.NÓVEMBER

### FIMM RÉTTA HÁTÍÐARMATSEÐILL

6.990 kr.

#### FORRÉTTUR

**Hörpuskel Cafreal**
Pönnusteikt hörpuskel frá Breiðafirði með engifer, hvítlauk, kóríander og karrílaufum.

#### AÐALRÉTTIR

**Gosht Boti Kebab**
Tandoori grillað lambafillet. Marinerað í kanil, kardimommum, negul og chili.

&

**Peshawari Murg Tikka**
Grillaðir kjúklingabringubitar úr tandoori ofninum. Marinerað í engifer, hvítlauk, kúmen og kewra-vatni.

&

**Aloo Dum Jeera**
Hægeldaðar kartöflur í ríkulegri sósu með tómötum, kúmenfræjum og garam masala.

*Borið fram með Basmati hrísgrjónum, raitha jógúrtsósu og hvítlauks naan.*

#### EFTIRRÉTTUR

**Mangó og engifer crème brûlée**

**BORÐAPANTANIR: 552-1630**
**HVERFISGÖTU 56, 101 RVK**

AUSTURINDIA.IS

**OPNUNARTÍMI:**
**SUN-FIM 17:30 - 22:00**
**FÖS-LAU 17:30 - 23:00**

## Saga Samfylkingarinnar

**8. MAÍ 1999**
Samfylkingin fær **26,8%** fylgi sem kosningabandalag Alþýðuflokks, Kvennalista, Alþýðubandalags og Þjóðvaka. Talsmaður bandalagsins er **Margrét Frímannsdóttir**.

**6. MAÍ 2000**
Samfylkingin stofnuð sem stjórnmálaflokkur. Fyrsti formaður er **Össur Skarphéðinsson**.



**VOR 2003**
**Ingibjörg Sólrún Gísladóttir** borgarstjóri R-listans, sem Samfylking var hluti af, tilkynnir um þingframboð fyrir flokkinn.

**10. MAÍ 2003**
Flokkurinn fær **31%** fylgi í alþingiskosningum.

**MAÍ 2005**
Ingibjörg Sólrún Gísladóttir hefur betur gegn Össuri Skarphéðinssyni í formannskjöri með **66%** atkvæða.

**VOR 2006**
R-listinn leystur upp og Samfylkingin býður fram í **sveitarstjórnarkosningum**.

**27. MAÍ 2006**
Flokkurinn hlýtur **26,9%** fylgi í sveitarstjórnarkosningum í Reykjavík og kosningabandalag félagshyggjuflokkanna missir meirihluta sinn.

**12. MAÍ 2007**
Flokkurinn hlýtur **26,8%** fylgi og myndar ríkisstjórn með Sjálfstæðisflokknum.

**OKTÓBER 2008**
**HRUNIÐ**
Þrír stærstu viðskiptabankar Íslands falla.

**24. NÓVEMBER 2008**
> En ég er ekki viss um að þeir sem eru hér í salnum geti endilega talað fyrir þjóðina, þið séuð endilega þess umkomnir að tala fyrir þjóðina.



Ingibjörg Sólrún Gísladóttir á borgarafundi í Háskólabíói

**Ummælin voru mikið gagnrýnd.**

**26. JANÚAR 2009**
Ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar fellur.

**1. FEBRÚAR 2009**
Ríkisstjórn Samfylkingar og Vinstri grænna tekur við sem minnihlutastjórn, varin af Framsóknarflokki. **Jóhanna Sigurðardóttir er forsætisráðherra**.



**28. MARS 2009**
Jóhanna Sigurðardóttir er kosin **formaður flokksins**

**25. APRÍL 2009**
Samfylkingin hlýtur **29,8%** í alþingiskosningum.

**2. FEBRÚAR 2013**
**Árni Páll Árnason** vinnur **Guðbjart Hannesson** í formannskjöri.

**20. MARS 2015**
**Sigríður Ingibjörg Ingadóttir** býður sig fram til formennsku á landsfundi sem hefst þann sama dag. Árni Páll hefur betur með einu atkvæði og hlýtur **241 atkvæði** en Sigríður 240.

**4. JÚNÍ 2016**
**Oddný Harðardóttir** hefur betur í formannskjöri. Fyrir fundinn hafði Árni Páll Árnason ákveðið að halda formannsframboði sínu til streitu en dró það til baka mánuði fyrir fundinn.



**29. OKTÓBER 2016**
Samfylkingin geldur afhroð í alþingiskosningum og hlýtur

**5,7%** ATKVÆÐA.

# Samfylkingin fjarlægst tilgang sinn

**Uppi eru hugmyndir innan Samfylkingarinnar um að breyta um ásýnd, sameinast öðrum flokkum eða leggja flokkinn niður. Hugmyndir um slíkt komu fyrst fram í aðdraganda formannskjörs en voru slegnar út af borðinu með kjöri Oddnýjar Harðardóttur.**

Kosningar 2016



Snærós Sindradóttir
snaeros@365.is

**STJÓRNMÁL** Óformlegar umræður flokksmanna innan Samfylkingarinnar beinast meðal annars að því að sameinast Bjartri framtíð. Þetta herma heimildir Fréttablaðsins en einnig að hugmyndir Magnúsar Orra Schram, sem hann lagði fram í aðdraganda formannskjörs í júní, um að leggja flokkinn niður og hefja samtal við aðra flokka um stofnun nýs jafnaðarmannaflokks, séu aftur á borðinu. Málið hefur ekki verið rætt í stjórn flokksins.

Óskar Steinn Jónínuson Ómarsson, ritari Samfylkingarinnar, segir að fyrst og fremst sé um óformlegar þreifingar flokksmanna að ræða. „Að mínu viti hefur þessi umræða bara verið hluti af almennri umræðu um hvað gæti mögulega gerst. Að nú þurfi vinstrivængurinn að sameinast.“

Sema Erla Serdar, fyrrverandi formaður framkvæmdastjórnar Samfylkingarinnar, hefur heyrt að hugmyndir um að stokka allt upp séu komnar aftur á kreik. „Það eru margir sem hafa verið að tala fyrir slíkum hugmyndum. Jafnaðarflokkurinn verður alltaf til, hvort sem hann heitir Samfylkingin eða eitthvað annað. Mér þykja að ýmsu leyti spennandi tímar fram undan og það getur margt gott komið út úr þessu.“



**Oddný Harðardóttir og Jóhanna Sigurðardóttir, báðar fyrrverandi formenn Samfylkingarinnar. Sigríður Ingibjörg Ingadóttir, fráfarandi þingmaður flokksins, bauð sig fram á móti Árna Páli Árnasyni daginn fyrir formannskjör í fyrra en hann hafði betur með einu atkvæði.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Oddný Harðardóttir sagði af sér formennsku í flokknum í gær til að axla ábyrgð eftir skelfilega útreið flokksins í kosningum á laugardag. Varaformaður flokksins og nýkjörinn þingmaður, Logi Már Einarsson, er tekinn við sem formaður. Hann hefur ekki heyrt að þessar hugmyndir séu á sveimi. „Ég mun með opnum hug hlusta á allar gagnrýnisraddir, allar hugmyndir, hvort sem þær eru uppbyggilegar eða ekki og fara svo bara með auðmýkt yfir þær í samstarfi við mína félaga. Það er ekki búið að ákveða neitt. Það eru þúsundir hugmynda sveimandi um himinhvolfið núna sem geta nýst okkur og við munum örugglega grípa þá sem okkur finnst skynsamlegust.“

> Hvernig er hægt að fara niður fyrir kjarnafylgi? Jú, vegna þess að það er enginn kjarni lengur. Flokkurinn hefur yfirgefið grundvöll sinn.

Eiríkur Bergmann, prófessor í stjórnmálafræði við Háskólann á Bifröst



Vandi Samfylkingarinnar er margþættur. Eiríkur Bergmann, prófessor í stjórnmálafræði við Háskólann á Bifröst, segir málið snúa að kjarna flokksins sem hafi týnst. „Þeir flokkar sem urðu að Samfylkingunni, sérstaklega Alþýðuflokkurinn, voru meðvitaðir um rót sína í verkalýðsbaráttunni. Inn í flokkinn koma svo fágaðri öfl, ef svo má að orði komast, fólk sem skilur ekki verkalýðsbaráttuna og þann uppruna. Þau fara að trúa því að sú barátta sé liðin tíð og það sé enginn verkalýður lengur. En þetta er alger misskilningur.“

Eiríkur segir þorra þjóðarinnar, alla almenna launþega sem lifa frá mánaðamótum til mánaðamóta, vera hinn íslenska verkalýð. „Samfylkingin hætti að tala við þetta fólk. Það fór að tala um lýðræðisumbætur, femínisma, umhverfisvernd og svona fínni blæbrigði stjórnmálanna. Allt fín málefni í sjálfu sér en rótin í Samfylkingunni er launabarátta. Barátta alþýðunnar fyrir sínum réttláta skerf í þjóðfélaginu. Í yfirstandandi kosningabaráttu heyrði ég ekki neitt sem minnti á þennan uppruna.“

Fylgi Samfylkingarinnar fór langt niður fyrir það sem talið var kjarnafylgi flokksins. „Fylgið fór meira að segja langt niður fyrir kjarnafylgi Alþýðuflokksins eins. Hvernig er hægt að fara niður fyrir kjarnafylgi? Jú, vegna þess að það er enginn kjarni lengur. Flokkurinn hefur yfirgefið grundvöll sinn,“ segir Eiríkur.




# Biðlaun gætu orðið nær 160 milljónir

**STJÓRNSÝSLA** Þeir þingmenn sem láta af störfum nú þegar búið er að kjósa til nýs Alþingis gætu fengið allt að 160 milljónir króna í biðlaun samtals. Metfjöldi þingmanna lætur af störfum og því gæti verið slegið met í heildarupphæð biðlauna.

Þingmennirnir sem hætta eru 31 að tölu. Hver einasti þingmaður sem hefur setið eitt kjörtímabil á rétt á þremur mánuðum í biðlaun, en þeir sem hafa setið í tvö kjörtímabil, eða lengur, eiga rétt á sex mánuðum.

„Þetta er allt lögbundið og svo kemur það til frádráttar ef menn fara í önnur störf á þessum tíma,“ segir Helgi Bernódusson, skrifstofustjóri Alþingis.

„Þetta verður eitthvað meira en venjulega en þetta hefur stundum verið mikið, það er 31 núna en voru að mig minnir 27 síðast, þannig að það er kannski ekki einhver stórmunur,“ segir Helgi.

Þingfararkaup alþingismanna er 1,1 milljón króna eftir nýjan úrskurð kjararáðs frá 30. október 2016.

Sautján þingmenn sem hafa setið í tvö kjörtímabil eða lengur eiga rétt á sex mánaða biðlaunum, sem nema þá 6,6 milljónum á mann. Þetta gerir samtals 112,2 milljónir króna.

Fjórtán þingmenn hafa hins vegar setið eitt kjörtímabil og eiga því rétt á þriggja mánaða biðlaunum, sem nema þá 3,3 milljónum á mann eða 46,2 milljónum alls.

Laun fyrrverandi ráðherra, sem bætast ofan á þingfararkaupið, eru þá ekki tekin með í reikninginn. **– sg**



**Metfjöldi þingmanna lætur af störfum og því gæti stefnt í metgreiðslu biðlauna.** FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

> Þetta er allt lögbundið og svo kemur það til frádráttar ef menn fara í önnur störf á þessum tíma.

Helgi Bernódusson, skrifstofustjóri Alþingis



# Konukvöld

## Blómavals í Skútuvogi í kvöld

## kl. 18:00 til 21:00




Svanhildur Þórsteinsdóttir

Sigga Kling

Allir fá að smakka Kristal með granateplabragði meðan birgðir endast

### Dagskrá hefst kl. 18:00

**Kynnir kvöldsins: Svanhildur Þórsteinsdóttir**

- Sigga Kling mætir á svæðið
- Helgi Björns tekur lagið kl. 19:00
- Blómaskreytar Blómavals sýna borðskreytingar kertaskreytingar, blómaskreytingar og gefa góð ráð.
- Happdrætti með glæsilegum vinningum
- Snyrtivörukynningar og smakk á ýmsum vörum í Heilsutorgi Blómavals

### Mættu tímanlega

**Kaffi Garður kl. 17:30-20:00**

- Humarsúpa 990 kr
- Kókoskarrí grænmetissúpa 690 kr

Einnig hægt að kaupa hvítvínsglas með súpunni fyrir þá sem vilja.



**25% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM VÖRUM Í BLÓMAVALI**

JÓLAVÖRUR, GJAFAVÖRUR, KERTI, VASAR, AFSKORIN BLÓM, POTTAPLÖNTUR, JÓLALJÓS, SERÍUR, BÚSÁHÖLD O.FL.
KL. 17:30 - 21:00

**25% AFSLÁTTUR AF SNYRTI- OG HREINLÆTISVÖRUM Í HEILSUTORGI BLÓMAVALS OG 10% AF MATVÖRU.**

**25% AFSLÁTTUR AF BÚSÁHÖLDUM OG FATNAÐI FRÁ ICEWEAR OG TRUE NORTH**

### Vörukynningar, smakk og fleira frá eftirtöldum aðilum:

Ölgerðin kynnir Kristal með granateplabragði • Konfekt frá Nóa Síríus • Remington hársnyrtitæki • Quality Street konfekt • Ilmkertakynning : Woodwick, Bridgewater, Ribbonwick • Crabtree and Evelyn kynna Noel jólailminn • Sosialdrykkir og súkkulaði • Baí drykkir og súkkulaði • Weleda snyrtivörur • Dr. Hauschka snyrtivörur og förðunarvörur • Lavera snyrti- og förðunarvörur • Rapunzel matvörur • Safar og súkkulaði frá Arka • Artasan bætiefni • Vítex kynnir Rauðrófukristal • Blóm í eggi kynna hárliti • Balsam bætiefni • Panda tannburstar og bætiefni • Anna Rósa kynnir tinktúrur og krem • Nordquist kynnir Tea Pigs • Geo Silica kísill • Vita Biosa meltingargerlar • Kaja Organic kynna súkkulaði og Salt • H.C.F. Happy Calm Focus • Berjasafi frá Íslenskri hollustu • Bætiefni frá Icecare • Purity herbs snyrtivörur • Íslensk dreyfing kynnir Panda lakkrís • Dropi lýsi • Jurtir og heilsa kynna Ilmkjarnaolíur • Nýjaland kynnir líkamsolíur • Sóley snyrtivörur • Villimey snyrtivörur • Scandic P. Heildverslun kynnir Aloa Vera safa • NSL kynnir glútenlaust snakk • Hafkalk bætiefni • Mundó ólífuolíur • Leyftur kynnir Sodasan hreinlætisvörur • Halldór Jónsson kynnir heilsukerti • Bætiefni frá Iceherbs • Guðrún Bergmann kynnir nýja bók: Hreint í matinn og margt fleira.

### HAPPDRÆTTI

**FJÖLDI GLÆSILEGRA VINNINGA**

TAKTU ÞÁTT, VIÐ DRÖGUM ÚT GJAFAKÖRFUR OG GLÆSILEGA VINNINGA ALLT KVÖLDIÐ.

blómaval
heillandi heimur

# SidekickHealth gerir samning við risavaxna heilsuræktarkeðju

**VIÐSKIPTI** Íslensk-sænska fyrirtækið SidekickHealth hefur gert samkomulag við bandarísku heilsuræktarkeðjuna Curves Jenny Craig (CJC) um verkefni þar sem skorað verður á þúsundir starfsmanna bandarískra fyrirtækja að taka þátt í hóp- og heilsueflingu. CJC er ein af stærstu heilsuræktarkeðjum heims og rekur yfir 700 heilsuræktarstöðvar vítt og breitt um heiminn.

SidekickHealth hugbúnaðarlausnin gerir CJC kleift að bjóða stórum bandarískum vinnustöðum upp á hóp- og heilsueflingu. Starfsfólki er skipt í lið sem keppa innbyrðis í þrjár vikur í heilsueflingu. Í gegnum hugbúnaðinn er um leið hægt að bjóða starfsfólki upp á skimun fyrir heilsufarsvandamálum svo sem hættu á




Meðalnotandinn dregur úr neyslu gosdrykkja um 65% og er 92% ólíklegri til að neyta sætinda daglega. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

áunninni sykursýki og vísa áfram í frekari úrræði.

SidekickHealth hefur í rúmt ár boðið upp á heilsu- og hópefli fyrir vinnustaði líkt því sem nú er verið að fara af stað með í Bandaríkjunum. Þúsundir starfsmanna fyrirtækja í Svíþjóð, Bretlandi og á Íslandi hafa notað hugbúnaðinn með góðum árangri undanfarið ár. Af viðskiptavinum hér á landi má nefna fyrirtæki svo sem IKEA, VÍS, Vörð, Festi, Össur, RB og Einkaleyfastofuna.

„Meðalnotandinn dregur úr gosneyslu um 65% og er 92% minna líklegur til að neyta sætinda daglega. Við vorum að ljúka við annan heilsueflingarviðburð okkar með VÍS í október og tóku 118 starfsmenn þátt. Á þremur vikum má áætla að sparast

**700**
**heilsuræktarstöðvar eru í eigu CJC.**

hafi sykurneysla sem nemur ríflega 80 kílóum eða þyngd eins fílsunga. Einnig gengu þau 4.762 kílómetra eða sem nemur fjarlægðinni frá Reykjavík til Minnesota í Bandaríkjunum. Það hefur verið ótrúlega skemmtilegt að sjá hve sterk áhrif þetta hefur haft til að ýta undir bætta heilsuhegðun – en til þess var auðvitað leikurinn gerður," segir Tryggvi Þorgeirsson, læknir og framkvæmdastjóri SidekickHealth, í tilkynningu. **– shá**




106.861 einstaklingur leitaði til LSH árið 2015 – margir komu hins vegar oft. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Stoppa þarf í 66 milljarða gat

**Fjárþörf Landspítalans á næstu fimm árum umfram fjárlög og fjármálaáætlun fráfarandi ríkisstjórnar jafngildir heilu rekstrarári spítalans. Stórir útgjaldaliðir eru að mæta fjölgun og öldrun þjóðarinnar.**

Svavar Hávarðsson
svavar@frettabladid.is



**HEILBRIGÐISMÁL** Það er niðurstaða framkvæmdastjórnar Landspítalans að viðbótarfjárþörf spítalans miðað við síðustu fjárlög og fimm ára fjármálaáætlun fráfarandi ríkisstjórnar séu rúmlega 66 milljarðar króna. Strax á næsta ári þarf spítalinn 11,7 milljarða króna umfram það sem honum er ætlað samkvæmt fjármálaáætluninni.

Þetta sýnir samantekt Landspítalans sem var kynnt oddvitum þeirra framboða sem náðu kjöri í alþingiskosningum á laugardaginn.

Landspítalinn fær samkvæmt fjárlögum ársins 2016 rúmlega 51 milljarð króna, en sértekjur spítalans til viðbótar eru vel rúmlega fjórir milljarðar króna. Því er viðbótarfjárþörf spítalans á næstu fimm árum svipuð upphæð og allt rekstrarfé hans á heilu ári og ellefu milljörðum betur.

Páll Matthíasson, forstjóri Landspítalans, segir að það komi skýrt fram í nýrri greiningu McKinsey & Company, sem stjórnvöld stóðu

> **Það er löngu mál að linni enda eru allar fjárhagslegar forsendur hins opinbera til staðar til að aðlaga fjárframlög til þjóðarsjúkrahússins og gera okkur kleift að sinna okkar lögbundnu skyldum með viðunandi hætti.**
>
> Páll Matthíasson, forstjóri Landspítalans



að, að spítalinn hafi lyft grettistaki síðustu ár með því að mæta aukinni eftirspurn án samsvarandi hækkun á rekstrarfé. „Það er löngu mál að linni enda eru allar fjárhagslegar forsendur hins opinbera til staðar til að aðlaga fjárframlög til þjóðarsjúkrahússins og gera okkur kleift að sinna okkar lögbundnu skyldum með viðunandi hætti," segir Páll og bætir við að greining á þörf spítalans nái einfaldlega til þess sem þarf að gera svo hægt sé að sinna nauðsynlegustu verkefnum og spítalinn verði áfram í fremstu röð. Ekkert umfram það.

Páll bætir því við að þolmörkum spítalans hafi verið náð fyrir mörgum árum, og útilokað sé að herða ólina frekar.

Heildarframlög til heilbrigðismála á Íslandi árið 2014 námu 8,8% af vergri landsframleiðslu sem er nálægt meðaltali OECD en lægra en annars staðar á Norðurlöndunum, að Finnlandi undanskildu.

Greining Landspítalans nær til tæplega 20 liða. Sá sem vegur þyngst á tímabilinu lýtur einfaldlega að því að mæta aukinni eftirspurn vegna mannfjöldaþróunar hér á landi og vegna álags sem hlýst af sífellt fleiri ferðamönnum sem hingað sækja. Á næstu fimm árum mun það kosta tæplega nítján milljarða, en komum á Landspítalann fjölgar að meðaltali um 1,7 prósent á ári vegna mannfjölgunar og öldrunar þjóðarinnar.

Til að vinna niður biðlista þarf 3,2 milljarða á næstu fimm árum og lágmarksþörf vegna viðhalds á eldri húsum spítalans krefst 5,6 milljarða aukaframlags. Tækjakaup útheimta aðra 2,5 milljarða þrátt fyrir átak í tækjakaupum síðastliðin ár, sem hefur gjörbreytt stöðu spítalans í þessu tilliti. Eins vantar að fjármagna launahækkun lækna vegna kjarasamninga upp á 400 milljónir á ári og rekstur jáeindaskannans sem verið er að setja upp þessa dagana – en rekstur hans útheimtir 300 milljónir á ári.

Taka skal fram að inni í þessum tölum eru tæki og búnaður vegna nýja Landspítalans og breytingar á eldra húsnæði vegna hans, en þessi kostnaður fellur ekki til fyrr en árin 2020 og 2021 – samtals rúmir tólf milljarðar.

Árið 2015 ákvað fráfarandi ríkisstjórn að láta vinna greiningu á rekstrarhagkvæmni og stöðu Landspítalans. McKinsey & Company vann úttektina í nánu samstarfi við fulltrúa frá velferðarráðuneytinu, Embætti landlæknis og Landspítalanum. Þar kemur meðal annars fram að eftir hrunið árið 2008 hafi heilbrigðisútgjöld hins opinbera verið lækkuð úr 153 milljörðum króna árið 2008 í 134 milljarða árið 2012 (miðað við fast verðlag 2014) til að bregðast við versnandi stöðu ríkisfjármála. Á síðustu árum hafa opinber fjárframlög til heilbrigðismála aukist á ný, eða úr 134 milljörðum króna árið 2012 í 143 milljarða árið 2015. **svavar@frettabladid.is**

## Lykiltölur – aukning milli ára á Landspítala*

**4,8%** ↑ Fjöldi koma á allar bráðamóttökur

**5,0%** ↑ Komur á göngudeildir

**12,3%** ↑ komur á dagdeildir

**5,4%** ↑ Fjöldi lega

**2,6%** ↑ Fjöldi legudaga

**17,6%** ↑ Skurðaðgerðir

**-3,5%** ↓ Fæðingar

**22,9%** ↑ Rannsóknir á rannsóknasviði

*Tímabil frá janúar til ágúst – áhrifa verkfalla 2015 kann að gæta

# 20 LEYST MÁL MEÐ ARNALDI

VILDARVERÐ:
**4.799.-**
Verð:
6.999.-




NÝJASTA BÓKIN




**Petsamo**
**VILDARVERÐ: 4.799.-**
Verð: 6.999.-

**200 FYRSTU** sem kaupa "Petsamo" fá bækurnar "Skuggasund" & "Þýska húsið" gefins í vönduðum Arnaldar poka!

VILDARKLÚBBUR EYMUNDSSON

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4

Álfabakka 16, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Húsavík - Garðarsbraut 9

Penninn Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Vildartilboð gildir frá 1. nóv. til og með 2. nóv. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

# Fjárfesting ríkisins í kvikmyndageiranum skilar sér tvöfalt til baka

**VIÐSKIPTI** Á undanförnum sex árum hafa að meðaltali verið gerðar níu kvikmyndir á Íslandi á ári. Heildarveltan í geiranum jókst um rúm 37 prósent frá 2009 til 2014 og nam 34,5 milljörðum króna árið 2014. Þetta kom fram í máli Ágústs Ólafs Ágústssonar, aðjunkts við viðskiptafræðideild Háskóla Íslands, á Þjóðarspegli Háskóla Íslands á föstudag.

Ágúst Ólafur hefur rannsakað hagræn áhrif sjónvarps- og kvikmyndaiðnaðar á Íslandi í samstarfi við aðila í geiranum. „Samtals er bein og óbein velta framleiðslu og dreifingar á sjónvarps- og kvikmyndaefni um 45 milljarðar króna. Veltan er líklega hærri en þessi tala í raun og veru,“ sagði Ágúst Ólafur. Hann benti á að gríðarleg gróska hefði verið í greininni frá hruni. „Veltan í framleiðslu, dreifingu, kvikmyndasýningum og staðarstarfsemi tvöfaldaðist frá 2008 til 2014 upp í 20,3 milljarða.

Til að setja veltuna í samhengi má benda á að hún er litlu minni en velta kjötiðnaðarins eða mjólkurafurða. Til samanburðar er velta hótela og gististaða um 45 milljarðar króna,“ sagði hann. „Hún er tíu sinnum meiri en velta bókaútgáfu í landinu.“

**34,5**

**milljarðar króna var heildarveltan í geiranum 2014.**

Ágúst Ólafur benti á að störfum í greininni hefði líka farið fjölgandi. „Fjöldi ársverka er um 1.300 sem er á við þrjú stóriðjuverkefni. Bein og óbein áhrif eru um 2.000 ársverk.“

Skatttekjur hins opinbera vegna umsvifa aðila í kvikmynda- og sjónvarpsiðnaðinum eru um 7,3 milljarðar króna, auk þess eru skatttekjur hins opinbera vegna áhrifa þeirra á ferðamannafjölda metnar á um 4,6 milljarða króna. Fjórtán prósent aðspurðra sögðu í könnun Ferðamannastofu alþjóðlegt myndrænt efni skýra ferð sína til Íslands og jafngildir þetta rúmlega fjögurra milljarða veltu. „Auðvitað tökum við þessum tölum með fyrirvara,“ sagði Ágúst Ólafur.

„Samanlagt eru þetta um 12 milljarðar króna sem hið opinbera fær í auknar skatttekjur vegna sjónvarps- og kvikmyndaiðnaðarins. Þá er ekki búið að taka inn stefgjöld eða hagnað fyrirtækja. Á móti eru framlög ríkisins til kvikmyndaiðnaðarins ásamt öllum framlögum til Ríkisútvarpsins tæpir 5,9 milljarðar króna,“ sagði Ágúst Ólafur.

Eins og fréttavefurinn Vísir hefur greint frá hefur endurgreiðsla á framleiðslukostnaði kvikmynda úr ríkissjóði verið 20 prósent frá árinu 1999 og námu endurgreiðslur í fyrra vegna þessa 793 milljónum króna. **– sg**

## Tveir Jasídar fá verðlaun

**BELGÍA** Tvær Jasídakonur frá Kúrdasvæðum Íraks fá Sakharov-verðlaunin í ár, en það eru mannréttindaverðlaun Evrópuþingsins.

Þær Nadia Murad Basee og Lamia Haji Bashar fá verðlaunin fyrir baráttu sína fyrir réttindum Jasída, einkum Jasídakvenna, en þær voru meðal þúsunda kvenna sem vígamenn Íslamska ríkisins, Daish, hnepptu í kynlífsþrældóm eftir að þeir réðust inn á svæði Jasída árið 2014.

Þær Basee og Bashar voru meðal þeirra Jasídakvenna sem vígasveitirnar hnepptu í kynlífsþrældóm. Daish-liðarnir myrtu jafnframt þúsundir manna í innrás sinni. **– gb**



Nadia Murad Basee, annar verðlaunahafanna

## Markaðir upp eftir kosningar

**VIÐSKIPTI** Gengi hlutabréfa skráðra félaga í Kauphöllinni rauk upp í gær eftir að niðurstöður kosninganna lágu fyrir. Sjálfstæðisflokkurinn vann á og hlaut 29 prósent atkvæða. Úrvalsvísitalan hækkaði um 1,23 prósent í gær.

Svo virðist sem fjárfestar hafi öðlast aukna trú á mörkuðum í kjölfar þessara niðurstaðna, einungis þrjú félög lækkuðu í gær. Gengi hlutabréfa í HB Granda hækkaði mest, eða um 4,25 prósent, í 103 milljóna króna viðskiptum. Gengi hlutabréfa í Sjóvá hækkaði svo um 3,4 prósent í 364 milljóna króna viðskiptum.

Fyrir helgi kynntu mörg félög uppgjör þriðja ársfjórðungs og því má ætla að einhver áhrif séu af jákvæðum niðurstöðum sumra þeirra á mörkuðum. **– sg**

# Trump færist nær Clinton

**Óljós yfirlýsing um nýja lögreglurannsókn á tölvupóstum Clinton hefur gagnast Trump á lokametrum kosningabaráttunnar. Yfirmaður FBI sakaður um lögbrot. Talið að Clinton muni beita sér af meiri hörku.**

**BANDARÍKIN** Yfirlýsing James Comey, yfirmanns bandarísku alríkislögreglunnar FBI, hefur komið kosningabaráttu Hillary Clinton í nokkurt uppnám.

Hann skýrði frá því í síðustu viku að FBI ætlaði að hefja rannsókn á tölvupóstum úr tölvu þingmannsins Anthonys Weiner, en hann sætir rannsókn vegna gruns um kynferðisbrot gegn fimmtán ára stúlku.

Í tölvunni sé meðal annars að finna tölvupósta frá Hillary Clinton, sem áður hefur sætt rannsókn vegna tölvupóstsamskipta sinna. Comey sagðist telja hugsanlegt að tölvupóstsamskipti Clinton við Weiner gætu reynst mikilvæg fyrir hina rannsóknina á tölvupóstum Clinton.

Comey hefur verið gagnrýndur fyrir að nefna þetta opinberlega svona skömmu fyrir forsetakosningar, en þær verða haldnar í Bandaríkjunum á þriðjudaginn í næstu viku, þann 8. nóvember.

Demókrataþingmaðurinn Harry Reid, leiðtogi minnihlutans í öldungadeild, segir Comey jafnvel hafa gerst brotlegan við lög með þessu: „Starfsfólk mitt hefur komist að þeirri niðurstöðu að þetta framferði geti verið brot á taumhaldslöggjöfinni, sem bannar embættismönnum FBI að nota opinbera stöðu sína til þess að hafa áhrif á kosningar,“ sagði Reid í yfirlýsingu á sunnudag.

Hann gaf engar upplýsingar um hugsanlegt innihald tölvupóstanna eða hvers vegna ástæða gæti þótt til þess að efna til rannsóknar.

Óljóst er hvaða áhrif þetta mun hafa á úrslit forsetakosninganna, en heldur hefur verið að draga saman með Clinton og Donald Trump undanfarið. Um miðjan október



Hillary Clinton og varaforsetaefni hennar, Tim Kaine, sem gæti þurft að taka við keflinu leiði ný rannsókn lögreglunnar á tölvupóstum hennar eitthvað bitastætt í ljós. Stutt er til stefnu því kosið verður eftir viku. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

> Starfsfólk mitt hefur komist að þeirri niðurstöðu að þetta framferði geti verið brot á taumhaldslöggjöfinni, sem bannar embættismönnum FBI að nota opinbera stöðu sína til þess að hafa áhrif á kosningar.
>
> Harry Reid, leiðtogi þingminnihluta Demókrata í öldungadeild Bandaríkjaþings

var hún með um sjö prósenta forskot að meðaltali en í gær var það komið niður fyrir þrjú prósent.

Trump og stuðningsmenn hafa óspart notfært sér þetta baráttu sinni til framdráttar, enda beinir þetta athyglinni frá vandræðum Trumps sjálfs sem hefur meðal annars verið gagnrýndur fyrir óviðeigandi ummæli um konur og fyrir að birta ekki upplýsingar um skattgreiðslur sínar.

Talið er að Clinton og stuðningsmenn hennar muni nú, þessa viku sem eftir er til kosninga, beita sér af meiri hörku gegn Trump en kannski hefði orðið ef þessi yfirlýsing frá FBI hefði ekki komið fram á síðustu stundu.

gudsteinn@frettabladid.is




## Þúsundir misstu heimili sín á Ítalíu

**ÍTALÍA** Um fimmtán þúsund manns misstu heimili sín á sunnudagsmorgun þegar þriðji stóri jarðskjálftinn reið yfir Ítalíu á rúmlega tveimur mánuðum. Þúsundir þeirra fengu skjól í íþróttahúsum eða tjaldbúðum sem reistar voru sérstaklega á sunnudaginn. Margir þurftu að hírast í bílum sínum yfir nóttina eða gista hjá ættingjum og vinum.

Enginn lét lífið, svo vitað sé, en nokkrir tugir manna hlutu meiðsli. Eignatjón varð mikið, meðal annars á kirkjum og fornminjum.

Skjálftinn á sunnudag mældist 6,6 stig að styrkleika og var því fjórum sinnum öflugri en fyrsti stóri skjálftinn, sem varð á svipuðum slóðum þann 24. ágúst síðastliðinn.

Nærri þrjú hundruð manns létu lífið af völdum jarðskjálftans í ágúst.

Jafnframt var skjálftinn á sunnudag öflugasti jarðskjálfti sem riðið hefur yfir á Ítalíu síðan 1980.

Allir skjálftarnir þrír urðu á Mið-Ítalíu, norðaustur af Róm. Sá síðasti um sex kílómetra norður af Norcia. **– gb**



Slökkviliðsmenn hjálpa íbúum í Norcia að ná eigum sínum út úr húsum sem urðu fyrir skemmdum í jarðskjálftanum síðastliðinn sunnudag. NORDICPHOTOS/AFP

### Þrír stórir á tíu vikum

| 24. ágúst | 26. október | 30. október |
| --- | --- | --- |
| 6,2 að styrkleika | 5,9 að styrkleika | 6,6 að styrkleika |
| Uppruni: Nálægt Accumoli | Uppruni: Macerata | Uppruni: Rétt hjá Norcia |



# NÝ VERSLUN
# OPNUNARTILBOÐ

## ÖRYGGISSKÓR



**15.900 m/vsk**
Fullt verð 23.951

## SOFTSHELL JAKKI

Höfuðljós fylgir



**15.900 m/vsk**
Fullt verð 22.900

## ÖRYGGIS-VESTI

Með frönskum rennilás
EN-471



**590 m/vsk**
Fullt verð 1.482

## HÚFA BEANIE

95% bómull-
5% Elastan-
Litur: Svartur-



**1.490 m/vsk**
Fullt verð 3.548

## VINNUÚLPA

Húfa fylgir



**19.900 m/vsk**
Fullt verð 31.518

## KULDAÚLPA

Húfa fylgir



**21.900 m/vsk**
Fullt verð 35.836

## VINNUVETTLINGAR FÓÐRAÐIR



**590 m/vsk**
Fullt verð 980

## BUXUR

Polyesterbómull
Svartar
Hangandi vasar



**9.900 m/vsk**
Fullt verð 15.799

## KULDA-SMEKK-BUXUR

Fæst í svörtu og sýnileikalitum



**15.900 m/vsk**
Verð frá 25.799



## KULDA-GALLAR

**25.900 m/vsk**
Fullt verð 38.435




www.sindri.is I sími 567 6000
Skútuvogi 1, Reykjavík
Smiðjuvegi 1 grá gata, Kópavogi

SINDRI VINNUFÖT

# Friður og sátt



Þorbjörn Þórðarson
thorbjorn@frettabladid.is

Þjóðin hafnaði vinstristjórn undir forystu Pírata með afgerandi hætti í alþingiskosningunum og Sjálfstæðisflokkurinn er sigurvegari kosninganna. Flokkurinn er með fyrsta mann kjörinn í öllum kjördæmum og tæplega þrjátíu prósenta fylgi þrátt fyrir klofningsframboð.

Forseti Íslands fundaði í gær með öllum formönnum flokkanna. Engin stjórnskipunarvenja hefur löghelgast um að forsetinn þurfi að afhenda stærsta flokknum umboðið og engin venja heldur um að það sé „sigurvegari“ kosninganna. Forsetinn getur í raun hagað þessum málum dálítið eftir eigin höfði.

Í þessu sambandi má ekki gleymast að flokkarnir gætu myndað stjórn án atbeina forseta og þá skiptir ekki máli hver fær umboðið. Í ljósi úrslita kosninganna hlýtur samt formaður Sjálfstæðisflokksins fyrstur að fá umboð til myndunar nýrrar stjórnar enda eru fáir möguleikar til stjórnarmyndunar í stöðunni án þátttöku Sjálfstæðisflokksins. Katrín Jakobsdóttir, formaður VG, lét í ljós þá afstöðu á fundi forsetans í gær að hennar fyrsti kostur væri myndun fimm flokka stjórnar. Eftir kosningarnar hefur hún ítrekað lýst efasemdum um að VG og Sjálfstæðisflokkur geti unnið saman í ríkisstjórn í ljósi þess hversu langt þessir flokkar eru frá hvor öðrum í hugmyndafræðilegu tilliti. Það verður mjög erfitt fyrir Katrínu að „selja“ slíka hugmynd innan raða eigin flokksmanna. Vera kann að hún horfi einnig til lærdóma sögunnar. Margir líta svo á að upphafið að endinum hjá Samfylkingunni hafi falist í stjórnarmyndun með Sjálfstæðisflokknum árið 2007. Þetta hafi verið koss dauðans því Samfylkingin hafi verið stofnuð í þeim tilgangi að sameina jafnaðarmenn og búa til sterkt mótvægi við Sjálfstæðisflokkinn.

Í gær var greint frá því að óformleg samtöl hefðu átt sér stað milli Bjarna Benediktssonar og Óttars Proppé, formanns Bjartrar framtíðar. Ef að baki slíkum samtölum býr einlægur ásetningur til myndunar ríkisstjórnar með breiðri skírskotun er ástæða til bjartsýni því þjóðin þarf frið, stöðugleika og sátt. Ef Bjarni Benediktsson býr yfir réttsýni og stjórnvisku þá sýnir hann auðmýkt og virðir þau tæplega sextíu prósent þjóðarinnar sem höfnuðu núverandi ríkisstjórn. Vera kann að hann verði að mynda ríkisstjórn án þátttöku Framsóknarflokksins til að ná slíkri sátt. Það er engum vafa undirorpið að hann styrkir sjálfan sig pólitískt og styrkir ímynd sína í íslensku samfélagi ef hann myndar ríkisstjórn inn á miðjuna án þátttöku Framsóknar. Bjarna er hins vegar vandi á höndum því ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks, Bjartrar framtíðar og Viðreisnar lafir bara á einum þingmanni. Bjarni útilokaði slíkt í raun óbeint með ummælum um sterka ríkisstjórn á RÚV á sunnudagskvöld. Í slíku felst líka afar mikil pólitísk áhætta því einn þingmaður hefði líf ríkisstjórnarinnar í hendi sér allt kjörtímabilið.

Að þessu sögðu er staðan flókin. Vera kann að lausnin á vandanum felist í samtölum VG og Sjálfstæðisflokksins. Menn þurfa stundum að kyngja hugmyndafræðilegu stolti til að tryggja frið, stöðugleika og sátt í samfélaginu.

**Vera kann að lausnin á vandanum felist í samtölum VG og Sjálfstæðisflokksins.**

FRÉTTABLAÐIÐ
89%
af lesendum dagblaða*
á höfuðborgarsvæðinu
á aldursbilinu 18–49 ára
lesa Fréttablaðið daglega.
*Fréttablaðið og Morgunblaðið.
Heimild : Prentmiðlamæling Gallup júl.-sep. 2016

Halldór




## Frá degi til dags

**Sterkari staða gegn Sjálfstæðisflokknum**

**Daginn eftir kjördag virtist ríkisstjórn Sjálfstæðisflokksins, Viðreisnar og Bjartrar framtíðar blasa við. Of flókið væri fyrir stjórnmálaflokka að starfa í fimm flokka ríkisstjórn og því er einhvers konar Lækjarbrekkustjórn með Viðreisnarkryddi ógirnilegur kokteill. Hugmynd Píratanna um að flokkurinn verji minnihlutastjórn VG, Viðreisnar og Bjartrar framtíðar falli er síðan í meira lagi athyglisverð. Þótt slík stjórn verði ef til vill ekki að veruleika er ljóst að möguleikinn á henni styrkir stöðu Viðreisnar og Bjartrar framtíðar í samningaviðræðum við Sjálfstæðisflokkinn á næstu dögum.**

**Útlendingahatri hafnað**

**Síðustu ár hefur orðið vart við uppgang öfgahreyfinga erlendis sem ala á tortryggni í garð innflytjenda og jafnvel fjandskap í garð hælisleitenda og flóttamanna. Á sama tíma fara fram kosningar á Íslandi þar sem nýju framboði sem elur á útlendingahatri er hafnað. Flokkum sem kalla eftir róttækum stjórnkerfisbreytingum gengur ágætlega, en borgaralegur flokkur sem leggur höfuðáherslu á stöðugleika í efnahagslífinu hlýtur bestu kosninguna. Áherslan á mannréttindi varð ofan á í nýliðnum alþingiskosningum og fyrir það eigum við öll að þakka.**

jonhakon@frettabladid.is

# Félagslegur stöðugleiki – hvað er það?



Gylfi Arnbjörnsson
forseti ASÍ

Heildarsamtök á vinnumarkaði hafa unnið að mótun nýs samningalíkans byggðu á norrænni fyrirmynd, þar sem órjúfanlegt samhengi er á milli efnahagslegs og félagslegs stöðugleika.

Þrátt fyrir að uppstytta hafi orðið á þessari vinnu verður það áfram viðfangsefni vinnumarkaðarins að vinna að bættum vinnubrögðum við gerð kjarasamninga.

Markmið ASÍ er að kjarasamningar skili varanlega auknum kaupmætti og bættum réttindum um leið og þeir styðji við efnahagslegan stöðugleika. Efnahagslegur stöðugleiki gerir kröfu um sveigjanleika fyrirtækja til að geta aðlagað sig síbreytilegum aðstæðum á markaði. Forsenda slíks sveigjanleika fyrirtækjanna er hins vegar að launafólk búi við félagslegt öryggi til að geta mætt afleiðingum atvinnumissis, veikinda og slysa, barnsfæðinga eða tækifæra til endur- og símenntunar. Því verða stjórnvöld og fyrirtæki að axla sinn hluta ábyrgðarinnar á efnahagslega stöðugleikanum og viðurkenna að honum fylgi jafnframt félagslegur stöðugleiki og velferð. Annað verður ekki án hins!

**Stjórnvöld forgangsraði í þágu velferðar**

Alþýðusambandið vill samfélag jafnréttis og jafnra tækifæra þar sem öllum er tryggð mannsæmandi afkoma og réttur til heilbrigðisþjónustu, menntunar og velferðar. Launafólk verður að geta treyst því að stjórnvöld forgangsraði í þágu velferðar og tryggi í það fjármagn með réttlátu skattkerfi sem dreifir byrðunum. Um þetta þarf að ríkja breið sátt og skilningur milli stjórnmálanna og vinnumarkaðarins.

Það er þetta sem við köllum félagslegan stöðugleika – fyrirkomulag sem tryggir launafólki öryggi og skjól en jafnframt tækifæri til þess að standa á eigin fótum ef aðstæður breytast t.d. vegna breytinga á vinnumarkaði, atvinnumissis, veikinda og slysa eða þegar barn fæðist.

**Launafólk verður að geta treyst því að stjórnvöld forgangsraði í þágu velferðar og tryggi í það fjármagn með réttlátu skattkerfi sem dreifir byrðunum.**

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir FORSTJÓRI: Sævar Freyr Þráinsson ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI: Kristín Þorsteinsdóttir kristin@frettabladid.is
AÐSTOÐARRITSTJÓRAR: Andri Ólafsson andri@frettabladid.is, Hrund Þórsdóttir hrund@stod2.is, Kolbeinn Tumi Daðason kolbeinntumi@365.is. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871
FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000, ritstjorn@frettabladid.is ÞRÓUNARSTJÓRI: Tinni Sveinsson tinni@365.is HELGARBLAÐ: Kristjana Björg Guðbrandsdóttir kristjanabjorg@frettabladid.is MENNING: Magnús Guðmundsson magnus@frettabladid.is LÍFIÐ: Sara McMahon sara@frettabladid.is LJÓSMYNDIR: Vilhelm Gunnarsson villi@365.is FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Sæmundur Freyr Árnason sfa@frettabladid.is ÚTLITSHÖNNUN: Silja Ástþórsdóttir siljaa@frettabladid.is

# Stytting vegalengda og orkuskipti



Sigurður Ingi Friðleifsson
framkvæmdastjóri Orkuseturs

Orkuskipti í samgöngum eru málið og olían er á útleið þó hægt gangi. Stytting vegalengda er alltaf mikilvæg hvað varðar minni eyðslu og útblástur en vegur enn meir þegar kemur að nýorkubílum. Drægni er ekki vandamál í bensín- og dísilbílum og mjög ódýrt fyrir framleiðendur að stækka tankinn. Reyndar hafa þeir ruglað margan neytandann með stærri tönkum enda alltof margir sem meta eyðslu eftir því hversu oft þeir þurfa að fylla frekar en að skoða hversu langt bíllinn kemst á lítranum.

En málið er ekki eins einfalt fyrir nýorkubíla. Það er talsvert dýrara og flóknara að stækka gastanka metanbíla og ennþá dýrara að stækka rafhlöður í rafbílum. Með öðrum orðum þá er tæknilega alveg hægt að bjóða upp á rafbíl með 400 km drægni en það er mjög dýrt. Stytting vegalengda er því enn meira hagsmunamál fyrir nýorkubíla en bíla sem ganga á gömlu, úreltu, mengandi, óendurnýjanlegu, loftslagsbreytandi og gjaldeyriseyðandi olíunni.

Tökum nokkur dæmi. Vaðlaheiðargöng hafa verið umdeild þó svo að ósannað sé að veggjöld muni ekki greiða þau að fullu. Mörgum blöskrar sú litla stytting sem göngin gefa eða um 16 km. Mjög mikilvægt er hins vegar að gera Húsavík og Akureyri að einu atvinnusvæði en í dag eru 94 km á milli bæjanna. Flestir rafbílar komast þá leið en þá má ekkert út af bregða og smá mótvindur eða snjór á Vaðlaheiði gætu klárað rafhlöðuna við vondar aðstæður. Þessi 16 km stytting og enginn fjallvegur mun gera rafbílaferðina örugga.

En eru ekki hvort eð er að koma rafbílar á næsta ári með 200-300 km drægni sem gera þetta að óþarfa áhyggjum? Jú, vissulega en þeir munu alltaf verða dýrari en rafbílar með 100-200 km drægni. Fyrstu ódýru rafbílarnir sem verða á svipuðu verði og bensínbílar verða einmitt útgáfur með minni drægni. Fólk mun svo auðvitað geta keypt sér meiri drægni að vild eins og hægt er í dag, bæði fyrir Tesla og Nissan Leaf.

Annað dæmi er stytting þjóðvegar nr. 1 t.d. við Blönduós og Varmahlíð sem myndi nánast tryggja að metanbílar kæmust á metaninu einu saman milli metanstöðvanna á Akureyri og Reykjavík. Þetta þýddi líka að minna þyrfti af raforku fyrir rafbíla sem væri drjúgt innlegg í þá sviðsmynd að næsta kynslóð rafbíla komist milli Reykjavíkur og Akureyrar á einu hleðslustoppi.

### Bundið slitlag á Kjalveg

Svo er ekki hjá því komist að nefna möguleikann á alvöru Kjalvegi með bundnu slitlagi sem væri að lágmarki opinn 5 mánuði á ári. Með réttri hönnun getur hann fallið vel að landslagi svæðisins enda er ég ekki að tala um vetrarveg. Dreifing ferðamanna er eitt af stóru umhverfis- og öryggismálum samtímans. Alvöru Kjalvegur myndi gjörbreyta stöðunni og virka nánast eins og tvöföldun þjóðvegar milli Norður- og Suðurlands á sumrin. Ekki er til auðveldari leið til að dreifa ferðamönnum en Kjalvegur enda galopnast þá margir hringmöguleikar án viðkomu á þunglestuðum vegum höfuðborgarsvæðisins.

Kjalvegur myndi líka auka hagkvæmni nýorkubíla vegna styttingar milli svæða. Til dæmis styttist vegalengdin frá Selfossi til Akureyrar um 140 kílómetra sem er u.þ.b. fullur „tankur“ á rafbíl. Galin hugmynd segja margir og skiljanlega hugnast ekki öllum að leggja veg yfir hálendið og spilla víðáttu og kyrrðarupplifun ferðamanna þar. Staðreyndin er hins vegar sú að það ER vegur nú þegar yfir Kjöl og umferðin fer bara vaxandi með tilheyrandi hávaða og rykmengun. Ég hef fullan skilning á hálendisverndarsjónarmiðum en þá er betra að fara alla leið og loka veginum um Kjöl fyrir bíla og mótorhjól því öðruvísi fæst ekki alvöru víðernisupplifun.

Nú, hinn möguleikinn er að gera hann nýtilegan fyrir nýjan veruleika sem er íþyngjandi fjöldi ferðamanna og orkuskipti í samgöngum. Þetta óljósa hálfkák gengur ekki lengur og við verðum að fara að taka meira afgerandi ákvarðanir í innviðamálum hvort sem vernd eða nýting verður ofan á. Styttingar vegalengda eru hins vegar miklu meira hagsmunamál í dag en áður vegna aukinnar umferðar og breytinga á eldsneytisnotkun ökutækja og því brýnt að taka þessar umdeildu innviðaákvarðanir sem fyrst.

**Stytting vegalengda er því enn meira hagsmunamál fyrir nýorkubíla en bíla sem ganga á gömlu, úreltu, mengandi, óendurnýjanlegu, loftslagsbreytandi og gjaldeyriseyðandi olíunni.**

# Stríðið í Sýrlandi



Stefán Karlsson
stjórnmálafræðingur og guðfræðingur

Nýlega fór sendinefnd á vegum bandarískra friðarsamtaka til Sýrlands til að kynna sér það sem er að gerast í landinu frá fyrstu hendi. Það sem hún komst að er í algerri andstöðu við þann villandi og einhliða áróður sem vestrænir fjölmiðlar halda að fólki.

### Innrás en ekki borgarastríð

Niðurstaða nefndarinnar er sú að stríðið í Sýrlandi er ekki borgarastríð. Það er enn ein bandaríska innrásin í sjálfstætt ríki í þeim tilgangi að steypa stjórnvöldum sem þeim eru ekki að skapi. Hún er rekin fyrir milligöngu staðgengla, launaðra málaliða og hryðjuverkamanna sem eru studdir og fjármagnaðir af Bandaríkjunum, Sádi-Arabíu, Katar og Tyrklandi. Lífæð vígasveitanna sem herja á sýrlensku þjóðina liggur í gegnum síðastnefnda landið þaðan sem þeim berast vopn og vistir. Í þessu stríði birtist sama mynstur og í öllum öðrum innrásum sem Bandaríkin hafa staðið fyrir þar sem dregin er upp djöfulleg mynd af stjórnvöldum landsins og hún notuð sem átylla fyrir afskiptum af innri málefnum þess. Til að veikja viðkomandi þjóð er hún beitt viðskiptaþvingunum sem koma illa niður á almenningi. Einnig er notuð sú gamalkunna aðferð að etja mismunandi hagsmuna- og trúarhópum saman.

### Tilgangur Bandaríkjanna

Tilgangur Bandaríkjanna með stríðinu er að eyðileggja sjálfstætt veraldlegt ríki, síðasta veraldlega arabíska ríkið sem er eftir, og koma í staðinn á auðsveipu leppríki eins og t.d. Írak og Líbýu. Þessi fjandskapur gagnvart sjálfstæðu Sýrlandi var til löngu áður en stríðið hófst árið 2011. Bandarísk stjórnvöld þykjast vera að berjast gegn hryðjuverkasamtökunum ISIS en hafa hingað til verið treg til til þess að beita sér af fullum krafti í þeirri baráttu. Þau styðja vissa útvalda hópa sem þau kalla hófsama uppreisnarmenn vegna þess að þeir berjast gegn sýrlenskum stjórnvöldum. Þessir hópar eru fjarri því að vera hófsamir. Þeir hafa staðið fyrir nauðgunum, mannránum og aftökum á almennum borgurum. Ekki alls fyrir löngu létu þeir t.d. hálshöggva tólf ára dreng

Tilgangur bandarísku staðgenglanna Katar og Sádi-Arabíu með afskiptum af stríðinu er að efla áhrif sín á svæðinu og breiða út sitt sjúka og frumstæða miðaldaafbrigði af íslam sem byggir á hugmyndafræði wahabismans og Múslímska bræðralagsins. Þeir íslömsku trúarleiðtogar sem viðurkenna lögmæti sýrlenskra stjórnvalda eru hins vegar lýðræðislega sinnaðir og stuðningsmenn nútímalegra stjórnarhátta. Þeir aðhyllast umburðarlynt afbrigði trúarinnar og eiga hagsmuna að gæta að stöðva þennan glórulausa stuðning við wahabismann sem stendur að baki víðtækri hryðjuverkastarfsemi í heiminum.

### Siðlaus utanríkisstefna

Sprengjuárásir Bandaríkjanna á viss svæði í Sýrlandi eru gerðar án samþykkis lögmætra stjórnvalda landsins sem eru viðurkennd af Sameinuðu þjóðunum. Slíkar aðgerðir brjóta gegn alþjóðalögum og einnig viðskiptaþvinganirnar sem bætast ofan á þær hörmungar sem sýrlenska þjóðin hefur orðið að þola. Sá frambjóðandi bandarísku forsetakosninganna sem þykir sigurstranglegri er umkringdur hernaðarráðgjöfum sem tala um flugbannsvæði yfir Sýrlandi sem mun leiða af sér stríðsátök í háloftunum við sýrlenska flugherinn og þann rússneska. Þeir tala einnig um landgönguliða sem þýðir beina bandaríska innrás í landið.

Stefna Bandaríkjanna sem hefur þann tilgang að breyta um stjórnarfar í Sýrlandi er röng í grundvallaratriðum. Hún brýtur gegn alþjóðalögum og hún brýtur gegn stofnskrá Sameinuðu þjóðanna. Þessum skorti á siðferði sem einkennir bandaríska utanríkisstefnu verður að linna.



**Stefna Bandaríkjanna sem hefur þann tilgang að breyta um stjórnarfar í Sýrlandi er röng í grundvallaratriðum. Hún brýtur gegn alþjóðalögum og hún brýtur gegn stofnskrá Sameinuðu þjóðanna.**

SKRIFSTOFAN

Sérblað um skrifstofur og skrifstofuvörur kemur út 8. nóvember.

Áhugasamir hafi samband við:

Jón Ívar Vilhelmsson
Sími/Tel:
+354 512-5429
jonivar@365.is

FRÉTTABLAÐIÐ



## Nýjast

**Enska úrvalsdeildin**

| | | |
|---|---|---|
| Stoke | 3–1 | Swansea |

| Efst | | Neðst | |
|---|---|---|---|
| Man. City | 23 | West Brom | 10 |
| Arsenal | 23 | West Ham | 10 |
| Liverpool | 23 | Hull City | 7 |
| Chelsea | 22 | Swansea | 5 |
| Tottenham | 20 | Sunderland | 2 |

GRÉTAR ARI AFTUR TIL HAUKA
Haukar hafa kallað markvörðinn Grétar Ara Guðjónsson til baka úr láni frá Selfossi. Í staðinn fengu Selfyssingar markvörðinn Einar Ólaf Vilmundarson frá Haukum. Grétar Ari hefur spilað stórvel með Selfossi í vetur og var verðlaunaður með sæti í A-landsliðinu sem mætir Tékklandi og Úkraínu í þessari viku. Grétar Ari, sem er tvítugur, mun verja Hauka það sem eftir er tímabils ásamt Giedrius Morkunas. Markvarslan hefur ekki verið góð hjá Haukum í vetur en þeir eru í 7. sæti Olís-deildarinnar.



## Í dag

| | | |
|---|---|---|
| 19.15 | Meistaradeildarmessa | Sport2 |
| 19.40 | Man City - Barcelona | Sport 3 |
| 19.40 | Ludogorets - Arsenal | Sport 4 |
| 19.40 | PSV - Bayern M. | Sport 3 |
| 19.40 | Basel - PSG | Sport 5 |
| 21.45 | Meistaradeildarmörkin | Sport |

## Opnaði markareikninginn í stórsigri



Kominn á blað Björn Daníel Sverrisson fagnar hér marki sínu í 6-2 sigri AGF á Esbjerg í dönsku úrvalsdeildinni í fótbolta. Björn Daníel kom inn á sem varamaður á 62. mínútu og sjö mínútum síðar skoraði hann sitt fyrsta mark fyrir AGF og kom liðinu í 4-2. NORDICPHOTOS/GETTY

# Sú stigahæsta elskar það að spila vörn

**Stigahæsti íslenski leikmaður Domino's-deildar kvenna er aðeins átján ára gamall og hefur næstum því þrefaldað meðalskor sitt frá því í fyrra. Emelía Ósk Gunnarsdóttir og ungu stelpurnar í Keflavík eru á toppnum í deildinni þar sem táningar liðsins eru í aðalhlutverki.**

KÖRFUBOLTI Það var við hæfi að langstigahæsti íslenski leikmaður Domino's-deildar kvenna væri á aukaæfingu þegar Fréttablaðið heyrði í henni í gær. Aukaæfingarnar segir hún að séu reyndar „bara" tvær núna þegar tímabilið er í fullum gangi en það fer ekkert á milli mála að hér fer stelpa með metnað til að vera öflugur körfuboltaleikmaður.

Emelía Ósk Gunnarsdóttir varð 18 ára í vor og er að hefja sitt þriðja tímabil í meistaraflokknum. Ekki er hægt að kvarta mikið yfir fyrstu skrefunum hjá henni og liðsfélögunum. Keflavíkurliðið tapaði reyndar fyrsta leiknum þar sem bandaríski leikmaður liðsins skoraði ekki eitt stig en hefur síðan unnið fimm leiki í röð.

**Sigursælar í yngri flokkum**

„Við höfum unnið flest upp alla yngri flokkana og við erum bara vanar því að vinna. Við höfum líka spilað saman mjög lengi og þekkjum því hver aðra vel," segir Emelía Ósk Gunnarsdóttir sem er stigahæsti leikmaður toppliðs Keflavíkur í Domino's-deild kvenna.

„Meðalaldurinn er mjög lágur hjá okkur en það eru allar að skora hjá okkur og það er það sem er svo skemmtilegt við þetta," segir Emelía Ósk en stelpur sem eru átján ára og yngri hafa skorað 68 prósent stiga Keflavíkurliðsins í fyrstu sex umferðunum. Emelía Ósk er staðráðin í að halda sér og liðsfélögunum á jörðinni þrátt fyrir draumabyrjun. Emelía Ósk segir aukna umfjöllun fjölmiðla og annarra um liðið ekki hafa farið framhjá sér.

„Við erum að reyna að pæla ekki of mikið í því. við þurfum bara að hugsa um okkur sjálfar og halda áfram að gera góða hluti. Það er mjög gaman að heyra svona um okkur en við megum ekki búast við því að við séum orðnar bestar og að enginn geti unnið okkur," segir Emelía Ósk en hver er þá stefna Keflavíkurliðsins í vetur?

„Okkur langar að vera meðal fjögurra hæstu og komast í úrslitakeppnina. Við stefnum bara á að gera okkar besta og komast eins langt og við getum," segir hún.



Hin átján ára gamla Emelía Ósk Gunnarsdóttir er farin að banka á dyrnar í A-landsliðinu með frammistöðu sinni með Keflavíkurliðinu í vetur. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

### Stigahæstu íslensku stelpurnar í deildinni:

| | |
|---|---|
| 1. Emelía Ósk Gunnarsd., Keflavík | 18,3 |
| 2. Sigrún Ámundad., Skallagrími | 15,5 |
| 3. Gunnhildur Gunnarsd., Snæfelli | 15,3 |
| 4. Birna V. Benónýsdóttir, Keflavík | 12,8 |
| 5. Ragna Margrét Brynjarsd., Stjörn. | 11,5 |
| 6. Rósa Björk Pétursdóttir, Haukum | 11,3 |
| 7. Sólrún Inga Gísladóttir, Haukum | 11,1 |
| 8. Petrúnella Skúladóttir, Grindavík | 10,7 |
| 9. Ína María Einarsdóttir, Njarðvík | 10,0 |
| 10. Hallveig Jónsdóttir, Valur | 9,8 |
| 11. Bríet Sif Hinriksdóttir, Stjörnunni | 9,7 |
| 12. Elín Sóley Hrafnkelsd., Val | 9,3 |

» Emelía Ósk Gunnarsdóttir hefur verið stigahæst í fjórum af sex leikjum Keflavíkur í vetur.

**Hækkað sig um 12 stig í leik**

Emelía Ósk skoraði 6,5 stig í leik í fyrra en er nú með 18,3 stig í leik og er langstigahæsti íslenski leikmaðurinn í deildinni. Engin önnur íslensk stelpa náði að skora hundrað stig í fyrstu sex umferðunum. „Það skiptir mig ekki miklu máli að ég sé stigahæst en ég er samt alveg ánægð með það," segir Emelía. Ástríða hennar er nefnilega á hinum enda vallarins.

„Ég elska að spila vörn og finnst það bara gaman. Ég hef verið mjög góður varnarmaður en skora síðan stöku sinnum og aðallega úr hraðaupphlaupum af því að ég er snögg fram. Ég er ekkert vön því að skora tuttugu stig í leik," segir hún. Emelía Ósk er ekki búin að ákveða hvert leiðin liggur á körfuboltaferlinum.

„Ég útskrifast í vor og þarf að fara að ákveða það hvort ég fari í háskóla hér eða hvort mig langi að fara út að spila. Mér líst samt bara vel á það að fara út að spila," segir Emelía.

**Ekkert hræddar**

Hvar finnst Emelíu styrkur Keflavíkurliðsins liggja?

„Í vörninni og liðsheildinni. Við spilum þetta saman og það er ekki ein manneskja sem ætlar að gera þetta allt sjálf. Það er gaman að sjá hvað við spilum boltanum og finnum opna manninn. Við erum ekkert hræddar enda vitum við það að þetta er bara körfubolti," segir Emelía.

ooj@frettabladid.is

FÓLK
KYNNINGARBLAÐ
1. NÓVEMBER 2016 ÞRIÐJUDAGUR

# ÉG SEF BETUR OG ER ORKUMEIRI

**Artasan kynnir** B12-Boost frá Better You er áhrifaríkur og náttúrulegur munnúði sem inniheldur hátt hlutfall af B12-vítamíni (methylcobalamin), krómi og grænu tei. Auðveldasta leiðin til að tryggja hámarksupptöku er að úða því í munnholið en þannig kemst vítamínið hratt og örugglega út í blóðrásina. Sólrún Diego mælir eindregið með úðanum.

B12-vítamín er gríðarlega mikilvægt og gegnir það margvíslegu hlutverki í líkamanum. „Ef við erum lág í þessu vítamíni getur það haft áhrif á frammistöðu okkur í daglegu amstri því orkuleysi og slen er eitt af helstu einkennum skorts,“ segir Hrönn Hjálmarsdóttir, heilsumarkþjálfi hjá Artasan.

**FINN GRÍÐARLEGAN MUN!**

Sólrún Lilja Diego er mömmubloggari á Mamie.is og er einnig með afar vinsælt Snapchat sem þúsundir Íslendinga fylgjast með daglega. Hún er orðin ein af mörgum aðdáendum B12 Boost munnúðans frá Better You og hefur þetta að segja:

„Eftir að ég byrjaði að taka B12 Boost vítamínið frá Better You hef ég fundið gríðarlegan mun á sjálfri mér. Ég á auðveldara með að vakna, sef betur og ég er ekki frá því að þetta hafi mikil áhrif á síðdegisþreytuna mína. Mig hefði aldrei grunað hvað þetta efni gæti haft mikil áhrif á allt hjá mér og þá sérstaklega vellíðan. Ég hef aldrei verið mikið fyrir að taka inn vítamín í töfluformi og eftir stuttan tíma hef ég alltaf gefist upp. Vítamín í spreyformi hentar mér því einstaklega vel enda mæli ég með því við alla í kring um mig.“

**HVAÐ VELDUR SKORTI Á B12?**

B12 er það vítamín sem flesta skortir á efri árum og oft er það vegna skorts á efninu „Intrinsic Factor“ sem er mikilvægt prótein, framleitt í maganum og hjálpar til við upptöku. „Það þýðir að þó svo að við borðum dýraafurðir eða tökum vítamínpillur, verður engin upptaka á B12 og við lendum í skorti. Óhófleg neysla áfengis, kaffis, kóladrykkja og nikótíns, notkun ýmissa lyfja, m.a. sýrubindandi lyfja og mikil eða langvarandi notkun sýklalyfja er meðal þess sem getur valdið okkur skorti,“ upplýsir Hrönn.



Dregið hefur úr síðdegisþreytu hjá Sólrúnu eftir að hún byrjaði að nota B12-vítamín í spreyformi.




Úðinn er bragðgóður og tryggir að líkaminn fái allt það B12 sem hann þarf á einfaldan máta.

## EINKENNI B12-SKORTS

- Orkuleysi og slen.
- Þreyta, ör hjartsláttur, andþyngsli og svimi.
- Náladofi í hand- og fótleggjum.
- Hægðatregða, uppþemba.
- Þyngdartap.
- Erfiðleikar með gang.
- Skapsveiflur. Minnisleysi, þunglyndi og vitglöp (dementia).

> Ég hef aldrei verið mikið fyrir að taka inn vítamín í töfluformi og eftir stuttan tíma hef ég alltaf gefist upp. Vítamín í spreyformi hentar mér því einstaklega vel.
>
> Sólrún Diego

**B12 BOOST FYRIR ALLA**

Fjölmargir geta notið góðs af B12 Boostinu frá Better You og er það sérstaklega hentugt fyrir fólk sem:

- Er síþreytt og orkulaust
- Er grænmetisætur eða vegan
- Er yfir 60 ára
- Stundar mikla hreyfingu

**BRAGÐGÓÐUR MUNNÚÐI SEM TRYGGIR UPPTÖKU**

„Í ljósi þess að B12-skortur tengist oft vandamálum í meltingarvegi er best að taka það í formi munnúða,“ segir Hrönn. „Upptaka á B12 gegnum slímhúð í munni er örugg og áhrifarík leið til að tryggja líkamanum nægjanlegt magn af B12-vítamíni eða til að verja okkur fyrir B12-skorti.

B12 Boost munnúðinn frá Better You inniheldur methylcobalamin sem er náttúrulegt form þessa vítamíns og hentar það okkur því mjög vel. Úðinn er bragðgóður og tryggir að líkaminn fái allt það B12 sem hann þarf á afar auðveldan og einfaldan máta. Hann inniheldur einnig steinefnið Chromium Chloride (króm) sem nýtist öllum og er sérstaklega hjálplegt fólki með efnaskiptavillu og/eða blóðsykursvandamál og svo er grænt te í blöndunni sem eykur orku.“

***Ef þig grunar að þig vanti B12 er ráðlegt að leita læknis og fá það mælt en mikill skortur getur haft alvarlegar afleiðingar í för með sér.***

**Fæst í flestum apótekum, heilsubúðum og heilsuhillum verslana.**


# Í kjólinn fyrir jólin!

natures aid

## Fjögur öflug þyngarstjórnunarefni




**Inulin:**
Bætir meltinguna og auðveldar hægðarlosun.
Hjálpar til við niðurbrot á innri fitu.




**Trim-It:**
Örvar meltingu og eykur fitubrennslu.




**Raspberry Ketones**
Minnkar sykurlöngun, jafnar blóðsykur og eykur fitubrennslu.




**GlucoSlim**
Inniheldur trefjar sem framkalla seddutilfinningu, við borðum minna og lengri tími líður áður en við verðum aftur svöng.

20% afsláttur á flestum sölustöðum

Sölustaðir: Flest apótek, heilsubúðir og heilsuhillur verslana.






Eva Sjöfn Helgadóttir og Baldur Hannesson vinna að lokaverkefni sínu til meistaranáms í klínískri sálfræði sem snýst um að hanna meðferð eða fræðslu fyrir feður sem eiga barn á fyrsta aldursári. Þau Baldur og Eva Sjöfn munu halda fimm skipta sálfræðslu um einkenni kvíða, þunglyndis og streitu og nota til þess hugræna atferlismeðferð. MYND/GVA

# BRUGÐIST VIÐ VANLÍÐAN UNGRA FEÐRA

Nýbakaðir feður geta glímt við kvíða, þunglyndi og streitu rétt eins og mæður. Lokaverkefni tveggja sálfræðinema snýst um að hanna meðferð eða fræðslu fyrir feður þar sem hugrænni atferlismeðferð er beitt. Verkefnið verður kynnt í dag og eru feður hvattir til að mæta.

Lilja Björk Hauksdóttir
liljabjork@365.is



Baldur Hannesson og Eva Sjöfn Helgadóttir vinna nú að lokaverkefni sínu til meistaranáms í klínískri sálfræði við Háskólann í Reykjavík. Lokaverkefnið er rannsókn sem snýst um að hanna meðferð eða fræðslu fyrir feður sem eiga barn á fyrsta aldursári. Þau Baldur og Eva Sjöfn munu halda fimm skipta sálfræðslu um einkenni kvíða, þunglyndis og streitu og nota til þess hugræna atferlismeðferð. Kynningartími verður haldinn í dag klukkan fimm í Háskólanum í Reykjavík í stofu M102. Baldur og Eva Sjöfn hvetja feður til að mæta í kynningartímann og athuga hvort þetta sé eitthvað sem þeir eru tilbúnir að taka þátt í. „Öllum feðrum með barn á fyrsta aldursári er velkomið að koma og kynna sér rannsóknina og sálfræðslumeðferðina ítarlega. Þátttaka þeirra er mjög mikilvæg fyrir feður framtíðarinnar og fyrir rannsóknir á þessu sviði," segir Baldur.

Eva Sjöfn bætir við að markmiðið með fræðslunni sé að kynna fyrir feðrum hvernig bregðast megi við vanlíðan eftir barnsburð. „Við vonumst til þess að námskeiðið dragi úr einkennum streitu, þunglyndis og kvíða ef þau eru til staðar í upphafi en annars getur námskeiðið nýst þeim sem forvörn ef upp kemur vanlíðan síðar meir. Auk þess verða athugaðir aðrir þættir sem snúa að umhverfi feðranna eins og samband við maka, félagslegur stuðningur og lífsgæði," útskýrir hún.

Aðspurð af hverju þau hafi ákveðið að gera þessa rannsókn segja þau að það að eignast barn sé mikil breyting í lífi allra og það að annast ungbarn sé oft og tíðum mjög krefjandi. „Það er vitað að streita og álag í lífi hvers og eins getur ýtt undir kvíða og þunglyndiseinkenni. Því er mjög mikilvægt að foreldrum, jafnt feðrum sem mæðrum, sé veittur stuðningur. Þetta er mikilvægt fyrir fjölskylduna alla og samfélagið í heild sinni," segir Eva Sjöfn. Baldur tekur undir þetta og segir helstu ástæðuna fyrir því að þau hafi ákveðið að fara af stað með þessa rannsókn vera fyrst og fremst þá að þau telji mikla þörf fyrir að halda utan um feður sérstaklega þegar þeir eru að taka sín fyrstu skref í nýju hlutverki. „Komið hefur í ljós að feður geta einnig þjáðst af streitu, kvíða og þunglyndi eftir barnsburð rétt eins og mæður og er þetta því vonandi skref í að auka við geðþjónustu fyrir feður. Námskeiðið er þó ekki eingöngu ætlað nýbökuðum feðrum heldur ætti það líka að nýtast þeim sem eiga barn fyrir," lýsir hann.



Öllum feðrum með barn á fyrsta aldursári er velkomið að koma og kynna sér rannsókn og sálfræðslumeðferð sem Baldur Hannesson og Eva Sjöfn Helgadóttir vinna að á kynningarfundi í HR í dag. NORDICPHOTOS/GETTY

Þau Eva Sjöfn og Baldur hafa ekki fundið neinar erlendar fyrirmyndir að námskeiðinu en segja það líklega eiga sínar skýringar í því að við sem þjóð stöndum mjög framarlega hvað varðar fæðingarorlof feðra og fleira og sé það kannski eðlileg þróun að við séum forsprakkar í því að sinna þessum stóra og mikilvæga hóp í lífi barna og mæðra. „Það eru margar mæður sem þjást af streitu, kvíða og/eða þunglyndi og því spyrjum við okkur, hvers vegna feður ættu ekki líka að upplifa svipaðar eða sömu tilfinningar. Við höldum að þetta sé hópur sem hefur ekki fengið næga þjónustu hér á landi," nefnir Baldur.

„Feður eru þó annar af aðalumönnunaraðilum barnsins og því er mikilvægt að hjálpa feðrum sem eiga við tilfinningavanda að stríða. Við viljum að það verði vitundarvakning í þjóðfélaginu um að það sé mikilvægt að sinna feðrum jafnt sem mæðrum," segir Eva Sjöfn.

Þau eru sammála um að það sé mikilvægt að allir geti gripið til verkfæra hugrænnar atferlismeðferðar þegar þeir finni fyrir vanlíðan þar sem hún hefur sýnt fram á góðan árangur á ýmsum sviðum. „Við vonum því að þessi sálfræðslumeðferð eigi eftir að gagnast þeim feðrum sem koma til okkar og að hún sýni fram á góðan árangur svo við getum haldið áfram með námskeiðið í framtíðinni."







**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

**ÚTGEFANDI: 365 MIÐLAR** | **ÁBYRGÐARMAÐUR:** Svanur Valgeirsson
**UMSJÓNARMENN EFNIS:** Elín Albertsdóttir, *elin@365.is, s. 512 5349* | Lilja Björk Hauksdóttir, *liljabjork@365.is, s. 512 5372* | Ragnheiður Tryggvadóttir, *heida@365.is, s. 512 5367* | Sólveig Gísladóttir, *solveig@365.is, s. 512 5351* Starri Freyr Jónsson, *starri@365.is, s. 512 5358* | Vera Einarsdóttir, *vera@365.is, s. 512 5357*
**SÖLUMENN:** Atli Bergmann, *atlib@365.is, s. 512 5457* | Jóhann Waage, *johannwaage@365.is, s. 512 5439* | Jón Ívar Vilhelmsson, *jonivar@365.is, s. 512 5429* | Ólafur H. Hákonarson, *olafurh@365.is, s. 512 5433*




# BÍLAR

1. nóvember 2016 ÞRIÐJUDAGUR

# BLÖNDUN LÍFELDSNEYTIS KOSTAÐI 1,1 MILLJARÐ

## Nemur 0,2% af árlegum útblæstri og hægt væri að ná 2.000 sinnum meiri árangri með endurheimt votlendis fyrir sama fjármagn. Fjármunir streyma úr landi og bíleigendur tapa.

Á kjörtímabilinu 2009 til 2013 var tekin um það ákvörðun að ríkissjóður myndi styrkja innflutning á svonefndu endurnýjanlegu eldsneyti á bíla sem unnið er úr matjurtum, þ.e. lífeldsneyti á borð við lífdísil og etanól. Það var gert með því að fella niður sérstaka eldsneytisskatta af þessu eldsneyti, kolefnisgjald, almennt vörugjald, sérstakt vörugjald og olíugjald. Þessi ríkisstyrkur er um 70 krónur á hvern lítra lífeldsneytis. Um leið voru settar sérstakar kvaðir í lög sem þvinguðu seljendur eldsneytis til slíkrar íblöndunar. Þessi skattaívilnun rennur úr landi í formi hærra innkaupsverðs og minna orkuinnihalds hins endurnýjanlega eldsneytis og kemur því bíleigendum ekki til góða í lægra eldsneytisverði og ekki fer hún í endurbætur á vegakerfi landsins eins og sérstökum bensínsköttum var upphaflega ætlað. Þegar ákveðið er að nota peninga skattgreiðenda til að ná ákveðnum markmiðum er mikilvægt að kannað sé hvaða leið er hagkvæmust því oftast koma fleiri en ein leið til greina.

**Fjármunir streyma úr landi og bíleigendur tapa**

Í upplýsingum frá fjármála- og efnahagsráðuneytinu kemur fram að á síðasta ári hafi þessi skattaívilnun numið 1,1 milljarði króna. Fjármunir streyma úr landi, ríkissjóður tapar, bíleigendur tapa, vegakerfið fær ekki peninginn og miðað við að bílar eru aðeins með 4% af árlegum útblæstri $CO_2$ er ávinningurinn fyrir umhverfið augljóslega hverfandi jafnvel þótt menn trúi því að lífeldsneytið dragi úr losun, sem er þó umdeilt. Hámarksárangur með þessari íblöndun innflutts lífeldsneytis er samdráttur í losun um 30 þúsund tonn af $CO_2$ á ári sem er um 0,2% af árlegum heildarútblæstri. Þá er miðað við þær gríðarlega hagstæðu forsendur fyrir lífeldsneytið að útblástur $CO_2$ frá því sé enginn.

**Framræst land 70% losunar $CO_2$**

Að þessum forsendum gefnum er kostnaðurinn við að draga úr útblæstri með íblöndun innflutts lífeldsneytis um 35 þúsund krónur á hvert tonn $CO_2$. Er þetta mikill eða lítill kostnaður? Ein leið til að meta það er að bera hann saman við kostnað við aðrar leiðir að sama marki. Langstærsta uppspretta gróðurhúsalofttegunda af manna völdum hér á landi er framræst land. Framræsta landið er talið með um 70% af árlegri losun. Hægt er að stöðva þessa miklu losun með endurheimt votlendis en mikill meirihluti hins framræsta lands er ekki nýttur sem ræktarland í landbúnaði. Endurheimt votlendis hefur auk þess fjölmargar aðrar jákvæðar afleiðingar á borð við aukið fuglalíf og jákvæð áhrif á vatnsbúskap áa og vatna og þar með lífsskilyrði fiska. Ræktun matjurta til framleiðslu á lífeldsneyti krefst þess hins vegar að land sé rutt undir nýja akra og þar með gengið á lífríkið.

**2.000 sinnum dýrari aðferð**

Í skýrslunni „Endurheimt votlendis“ sem umhverfisráðuneytið gaf út fyrr á árinu er mat lagt á kostnað við endurheimt votlendis og niðurstaðan sú að kostnaðurinn sé 16 krónur á hvert tonn af $CO_2$. Það er með öðrum orðum ríflega 2.000 sinnum dýrara að nota íblöndun lífeldsneytis til að draga úr losun en með því að endurheimta votlendi. Og þessi niðurstaða fæst með því að gefa sér gríðarlega jákvæðar forsendur fyrir árangrinum af íblönduninni. Það var löngu orðið ljóst að íblöndun innflutts lífeldsneytis er sóun á skattfé almennings. Nú liggur einnig fyrir að hægt væri að ná 2.000 sinnum meiri árangri í samdrætti gróðurhúsalofttegunda fyrir þetta fé með því að fara aðra leið, þ.e. endurheimt votlendis.





ÖRUGGT START

MEÐ **EXIDE** RAFGEYMUM

Endingargóðir og sterkbyggðir rafgeymar fyrir flestar gerðir bifreiða. Veldu þaulreynda vöru frá gæðaframleiðanda.




EXIDE TECHNOLOGIES TRANSPORTATION

Exide rafgeymarnir fást hjá:

MAX1 BÍLAVAKTIN

olís

PIPAR\TBWA • SÍA • 164687

# Stærsta pöntun á Rolls Royce bílum afgreidd

Nú hefur stærsta pöntun sem bresku Rolls Royce verksmiðjurnar hafa fengið frá upphafi verið afgreidd. Fyrir um tveimur árum pantaði Stephen Hung 30 bíla af gerðinni Rolls Royce Phantom í Extended Wheelbase útfærslu til afnota fyrir gesti hótels síns, The 13 Hotel í Macau. Allir þessir bílar hafa nú verið afhentir og eru þeir allir í sama litnum, þ.e. rauðir. Þessir bílar kostuðu samtals 20 milljónir dollara, eða 2,3 milljarða króna. Þessi pöntun sló út 14 bíla pöntun sem Rolls Royce fékk árið 2006, en þar var einnig um að ræða bíla sem nota skyldi fyrir gesti hótels í Asíu, í því tilviki fyrir Peninsula-hótelið í Hong Kong. Tveir af þessum 30 bílum sem afgreiddir voru fyrir hótelið í Macau eru skreyttir gulli hér og þar og demantar eru að auki í Rolls Royce merki þeirra. Þessir tveir bílar eru dýrustu Rolls Royce Phantom bílar sem framleiddir hafa verið. The 13 Hotel í Macau hefur ekki enn verið opnað, en það mun gerast snemma á næsta ári og ekki kemur á óvart að hótelið er ætlað ofurríku fólki og kostar dýrasta gisting þar 130.000 dollara nóttin, eða um 15 milljónir króna.


Vespa 400.



Cadillac.

# Cadillac vill loka 43% söluumboða sinna

Bandaríski lúxusbílaframleiðandinn Cadillac hefur hug á því að loka 43% af þeim söluumboðum sem selja Cadillac-bíla vestanhafs, eða 400 umboðum samtals. Þessi söluumboð seldu öll minna en 50 Cadillac-bíla í fyrra og Cadillac hefur boðið eigendum þeirra 100.000 til 180.000 dollara eingreiðslu ef þeim verður lokað. Þessi 43% af söluumboðum Cadillac seldu einungis 9% af þeim Cadillac-bílum sem seldust í Bandaríkjunum í fyrra og skipta því litlu máli fyrir heildarsölu Cadillac, en kosta aftur á móti Cadillac skildinginn. Cadillac er með mun fleiri söluumboð á hvern seldan bíl en samkeppnisaðilar þess og mörg af þessum söluumboðum eru að selja aðrar bílgerðir en Cadillac. Cadillac hefur hins vegar hug á því að allir söluaðilar þess selji eingöngu Cadillac-bíla. Í nýrri aðgerðaáætlun Cadillac ætlar fyrirtækið að skipta söluumboðunum upp í 5 flokka og ræðst afsláttur á Cadillac-bílum til þeirra af því hve marga bíla þau selja á hverju ári. Mörg smærri söluumboð Cadillac-bíla eru ekki hrifin af þessum áformum og því hefur Cadillac boðist til þess að greiða þeim fyrir að hætta sölu Cadillac-bíla. Söluumboðin hafa til loka ársins 2017 til að gera upp hug sinn um hvort þau ætli að hætta að selja Cadillac-bíla og þiggja eingreiðsluna frá Cadillac.


X-Class.

# Nýr X-Class pallbíll frá Mercedes-Benz

Mercedes-Benz kynnti nýjan pallbíl til leiks í Stokkhólmi á dögunum sem fengið hefur heitið X-Class. Bíllinn er enn á þróunarstigi en hann mun fara í framleiðslu á næsta ári. X-Class verður með aflmiklum vélum og Mercedes-Benz ætlar að gera bílinn sérlega góðan hvað aksturseiginleika varðar og þægindi eins og þýska lúxusbílaframleiðandanum er einum lagið. Hönnun pallbílsins þykir hafa tekist mjög vel. Hann er kraftalegur en um leið með fágaðar línur. Að aftan eru LED-ljósin mjög áberandi.

Bíllinn verður búinn miklum lúxus í innanrýminu og mun meiru en venja er í þessum flokki bíla. Þá verður bíllinn með öllum nýjasta öryggis- og akstursbúnaði frá Mercedes-Benz. Mercedes Benz X-Class verður með sex strokka V6 dísilvél sem skilar 260 hestöflum en á sama tíma er vélin sparneytin og umhverfismild. X-Class mun hafa burðargetu upp á 1,1 tonn og dráttargetu upp á 3,5 tonn. Bíllinn verður í boði með 4MATIC fjórhjóladrifinu frá Mercedes-Benz.

BÍLAR
www.visir.is/bilar

Umsjón blaðsins
Finnur Thorlacius
finnurth@365.is

Útgáfufélag
365 miðlar ehf. Skaftahlíð 24,
105 Reykjavík, sími 512 5000

Auglýsingar
Atli Bergmann atlib@365.is
Sími 512 5457

Hönnun
Silja Ástþórsdóttir
siljaa@frettabladid.is

# TOYOTA HILUX AT35 SENN BOÐINN Á ÖLLUM MÖRKUÐUM Í EVRÓPU

Um þessar mundir er unnið að skráningu á breytingu bílsins fyrir Evrópumarkað sem gert er ráð fyrir að klárist fyrir árslok. Er þess að vænta að frá og með ársbyrjun 2017 verði Toyota Hilux AT35 fáanlegur á öllum mörkuðum í Evrópu.

Á atvinnubílasýningunni í Hannover í Þýskalandi í lok október frumsýndu Toyota og Arctic Trucks sameiginlega nýjan Toyota Hilux Double Cab pallbíl með svokallaðri AT35-breytingu. Í grundvallaratriðum felur hún í sér sömu aðgerðir og gerðar eru á öðrum bílum frá Arctic Trucks sem hannaðir eru til notkunar á heimskautasvæðum, en fyrirtækin hafa unnið náið saman í nærri tvo áratugi að breytingum og markaðssetningu á breyttum Toyota Hilux og Land Cruiser jeppum. Helstu kostir breytingarinnar á Toyota Hilux AT35 eru stærri dekk, endurhönnuð fjöðrun til að bæta aksturseiginleika og hækkun undir lægsta punkt til að auka drif- og akstursgetu við erfiðar aðstæður, svo sem í snjó og drullu.



Toyota Hilux AT35.

### Ekki bara Noregur, Rússland og Ísland

Auk nýrrar ásýndar og spennandi útlits sem AT35 framkallar eru helstu kostir breytingarinnar þeir að bíllinn hentar við mun breiðari aðstæður en óbreyttur. Það á við hvort sem bíllinn er notaður til daglegra nota innanbæjar, í atvinnurekstri eða sem þægilegur fjölskyldubíll sem nota má við margbreytilegar aðstæður á láglendi sem hálendi, allt eftir áhugamálunum hverju sinni. Toyota Hilux AT35 sem sýndur var í Hannover hefur verið boðinn til sölu í Rússlandi frá 2015 en er nú einnig fáanlegur hér á landi og í Noregi. Um þessar mundir er unnið að skráningu á breytingu bílsins fyrir Evrópumarkað sem gert er ráð fyrir að klárist fyrir árslok. Er þess að vænta að frá og með ársbyrjun 2017 verði Toyota Hilux AT35 fáanlegur á öllum mörkuðum í Evrópu.

### Pólfarar frá árinu 1987

Samstarf Toyota og Arctic Trucks má rekja allt aftur til ársins 1987 þegar hugmynd um að senda tvo mikið breytta Land Cruiser 80 bíla ásamt íslenskum ökumönnum með sænsku pólstofnuninni til Suðurskautslandsins varð að veruleika. Þar voru bílarnir notaðir við afar erfiðar aðstæður til flutninga og vísindarannsókna og var þetta jafnframt í fyrsta sinn sem bílar voru notaðir á Suðurskautslandinu. Leiðangurinn sýndi fram á að mun hagkvæmara er að nota st við bíla en snjóbeltabíla og er þessi samgöngumáti nú fyrsta val þeirra sem hyggja á erfiða leiðangra, bæði á Suðurskautslandinu og norðurheimsskautssvæðinu þar sem bílar frá Arctic Trucks hafa einnig verið notaðir við hinar erfiðustu og köldustu aðstæður.

### Mikil sérþekking

Frá því að ævintýrið hófst hefur starfsfólk Arctic Trucks byggt upp mikla og einstaka sérþekkingu á þessu sviði þar sem frá upphafi hefur verið haft að leiðarljósi að bæta aksturseiginleika og öryggi breyttra bíla, hvort sem er við notkun innanbæjar eða við erfiðar aðstæður á jöklum eða hálendisslóðum. Starfsmenn Arctic Trucks hafa tekið þátt í fjölmörgum leiðöngrum og skilja því frá fyrstu hendi þær áskoranir sem bílarnir þurfa að geta mætt. Þessi þekking og reynsla hefur gert fyrirtækinu kleift að bjóða bíla sem mætt geta erfiðari aðstæðum en nokkur annar aðili á markaðnum. Bílum Arctic Trucks hefur verið ekið á báða pólana, þeir hafa verið notaðir í ferð stjórnenda Top Gear á norður-segulpólinn og í fjölmörgum ferðum á Suðurskautslandinu. Þar er nú staðsettur floti bíla frá Arctic Trucks sem notaður er af vísindamönnum á svæði þar sem ríkja einhverjar erfiðustu veðurfarslegu aðstæður í heiminum. Þess má geta að ökumenn á bílum Arctic Trucks settu heimsmet árið 2010 er þeir óku á Suðurpólinn hraðar en nokkurt farartæki hafði áður gert. Auk Íslands starfrækir fyrirtækið starfsstöðvar í Noregi, Bretlandi, Rússlandi, Póllandi, Finnlandi og Sameinuðu arabísku furstadæmunum.




## Dodge Durango Limited Premium 7 manna

Öflug 3.6 lítra 290 hestafla bensínvél, ABS hemlalæsivörn, stöðugleikastýring og spólvörn, 20” álfelgur, fjarstart, lykillaust aðengi, Alpine hljómflutningstæki, hraðastillir, rafstýrðar stillingar á stýrishjóli, Bluetooth handfrjáls búnaður, 8,4” snerti-/upplýsingaskjár og akksturstölva, upphituð fram- og önnur aftursætis röð, media hub fyrir SD kort, USB og AUX tengi, Blu-ray DVD kerfi með tveimur skjám og þráðlausum heyrnatólum, 9 hátalarar með bassaboxi, minni í bílstjórasæti, útvarpi og speglum, rafdrifin sóllúga, sjálfvirk 3ja svæða miðstöð með loftkælingu, LED framljós o.fl.* Meðaleyðsla 12,4 ltr/100 samkvæmt fueleconomy.gov

~~Verð: 10.490.000 kr.~~ **Tilboðsverð: 9.990.000 kr.**

**Verð með 33” breytingu:**
~~10.870.000 kr.~~
**Tilboðsverð: 10.370.000 kr.**

**Til sýnis og sölu hjá 100bílum**
**Stekkjarbakka 4 í Mjódd.**




## Jeep Grand Cherokee Limited Premium

Öflug 3.6 lítra 290 hestafla bensínvél, Quadratrac II fjórhjóldrif með háu og lágu drifi, ESC stöðugleikastýring, 20” álfelgur, kæling í framsætum, lykillaust aðgengi, Alpine hljómkerfi, leðurinnrétting, rafstillanlegt og upphitað stýrishjól, rafdrifin framsæti, hiti í fram- og aftursætum, 8,4” upplýsingaskjár, útvarpstæki með Bluetooth raddstýringu, loftþrýstingsmælir fyrir hjólbarða, sjálfvirk tveggja svæða miðstöð með loftkælingu, hleðslujafnari, Bi-Xenon og LED framljós með þvottakerfi o.fl.* Meðaleyðsla 12,4 ltr/100 samkvæmt fueleconomy.gov

~~Verð: 10.490.000 kr.~~ **Tilboðsverð: 9.990.000 kr.**

**Verð með 32” breytingu:**
~~10.870.000 kr.~~
**Tilboðsverð: 10.370.000 kr.**

**Til sýnis og sölu hjá 100bílum**
**Stekkjarbakka 4 í Mjódd.**

ÍSBAND
ÍSLENSK-BANDARÍSKA EHF. BÍLAUMBOÐ

ÍSLENSK-BANDARÍSKA EHF UMBOÐSAÐILI DODGE OG JEEP Á ÍSLANDI
SÍMI: 534 4433 WWW.ISBAND.IS



Opel Ampera-e.

# Opel-merkið á Bolt fyrir Evrópu

Opel sýndi „nýjan“ bíl á bílasýningunni í París í síðasta mánuði og þekkja flestir þennan bíl sem hinn nýja rafmagnsbíl Chevrolet Bolt. Ástæðan er náttúrulega sú að General Motors á bæði Chevrolet- og Opel-merkin og með þessu er ljóst að bíllinn verður markaðssettur í Evrópu undir merkjum Opel. Þar mun hann heita Ampera-e og vitnar þar í fyrri bíl Opel, Ampera, sem er rafmagnsbíll með brunavél er framleiðir rafmagn þegar það rafmagn sem bíllinn hefur verið hlaðinn af þrýtur. Engar aðrar breytingar verða á Bolt-bílnum frá Chevrolet en að hann fær Opel-merkið.

**Sprækur rafmagnsbíll**

Opel Ampera-e er með 200 hestafla rafmótora með 360 Nm togi og er eins sprækur og OPC-gerðir Opel-bíla og því ári snarpur bíll. Reyndar á þessi bíll að vera sýnu sprækari en Opel Insignia OPC, Opel Astra TCR, Opel Adam R2 og Opel Corsa OPC. Opel Ampera-e er aðeins 3,2 sekúndur í 50 km hraða og 4,5 sekúndur frá 80 til 120 km hraða, en hámarkshraði hans er þó aðeins 150 km/klst. Bíllinn er með 60 kWh lithium rafhlöðum og drægið er 322 km, sem verður að teljast gott fyrir svo lítinn bíl. Opel Ampera-e verður ekki framleiddur af Opel heldur í verksmiðju Chevrolet í Detroit, við hlið Bolt-bílsins. Opel mun svo kynna nýja kynslóð Ampera-bílsins á næsta ári og er hann líkt og Ampera-e alveg eins og kynbróðir hans, en í þessu tilviki Volt.

# Audi hættir við 420 hestafla 2,0 lítra vélina

Audi sýndi árið 2014 TT Quattro Sport Concept tilraunabíl og var hann með hreint ótrúlegt afl miðað við lítið sprengirými vélarinnar í bílnum. Þessi vél er fjögurra strokka og með 2,0 lítra sprengirými, en samt sem áður kreisti Audi 420 hestöfl úr henni. Meiningin var að nota þessa vél í nokkra bíla innan stóru Volkswagen-bílafjölskyldunnar, en nú hefur Audi tekið þá ákvörðun að hætta við framleiðslu þessarar vélar. Það var Friedrich Eichler, fyrrverandi vélarhönnuður hjá AMG-sportbíladeild Mercedes Benz sem þróaði þessa vél, sem og EA888 2,5 lítra og 400 hestafla vélina frá Audi. Til stóð að framleiða báðar þessar vélar í aflmiklar útgáfur Audi-bíla, en dísilvélasvindl Volkswagen hefur gert það að verkum að hætt hefur verið við þróun þeirra bíla og véla sem ekki teljast nauðsynleg fyrir Volkswagen-bílasamstæðuna. Hin öfluga fjögurra strokka 2,0 lítra vél sem nú hefur orðið fyrir niðurskurðarhnífnum dugði til að koma Audi TT RS í 100 km hraða á litlum 3,7 sekúndum. Hámarkstog hennar náðist milli 2.400 og 6.300 snúninga og mesta afl við 6.700 snúninga. Ókosturinn við þessa vél er hins vegar sá að hún er dýr í framleiðslu og því fór sem fór. Líklegt er talið að ný 2,9 lítra V6 vél sem hönnuð er sameiginlega af Porsche og Audi og skilar 440 hestöflum verði ofan á í bílum Volkswagen-bílafjölskyldunnar sem krefjast mikils afls. Litla fjögurra strokka vélin hefði þó verið miklu léttari, en með hátt í sama afl og fyrir vikið hefðu aksturseiginleikar líklega orðið betri með henni.



Audi TT RS.

# Nissan Navara björgunarbíll

Þennan sérútbúna Nissan Navara björgunarbíl kynnti Nissan á bílasýningunni í Hannover nýlega og virðist hér um afar hæfan bíl að ræða til björgunarstarfa. Hann hefur verið hækkaður um 5 cm frá grunngerð bílsins og er á breiðum og stórum dekkjum til að tryggja það að hann komist um talsverðar ófærur. Auk þess er hann með loftinntak við þak bílsins og er því með mikla vaðdýpt. Í bílnum er gríðarlega mikill búnaður sem gagnast til björgunarstarfa og hluta hans má draga fram á skúffum úr koltrefjum sem renna á brautum á palli bílsins. Þar má meðal annars finna súrefniskúta, björgunarvesti, endurlífgunarbúnað og exi. Bílnum fylgir DJI Phantom dróni af vönduðustu gerð og er honum ætlað að sjá yfir björgunarsvæði og auðvelda að finna fólk og bjarga því. Tvær mjög stórar rafhlöður eru á palli bílsins og eiga þær að sjá ýmsum rafdrifnum björgunarbúnaði fyrir orku, meðal annars klippitöngum, tjökkum, ljósum og hitablásurum. Þak björgunarbílsins er 13,6 cm hærra en í hefðbundnum Navara. Bíllinn er búinn gríðarsterkum kösturum sem lýsa má með allan hringinn kringum bílinn.


Nissan Navara sem björgunarbíll.

Fjölbreyttar leiðir í bílafjármögnun

**Landsbankinn býður góð kjör,** fjölbreyttar leiðir og allt að 80% fjármögnun við kaup á nýjum og notuðum bílum. Kynntu þér allt um bílalán á landsbankinn.is/bilalan.

**Lánshlutfall allt að 80%**

**Allt að 7 ára lánstími**

**Betri kjör fyrir viðskiptavini**

**Landsbankinn** landsbankinn.is 410 4000






Peugeot 2008 er draumabíll þeirra sem vilja glæsilegan og sportlegan bíl sem hentar fjölbreyttum aðstæðum. Útlínurnar eru mjúkar og ásýndin falleg. Peugeot 2008 er einnig mjög praktískur. Farangursrýmið er stærra en í mörgum sambærilegum bílum. Veghæðin er mikil, eða 16,5 cm undir lægsta punkt. Innstigið er þægilegt því þú situr hærra. Hann er fimm dyra og fáanlegur beinskiptur eða sjálfskiptur með margverðlaunuðum Puretech vélum.

## NÝR PEUGEOT 2008

Verð frá 2.690.000 kr.

MOTION & EMOTION

PEUGEOT

brimborg

*Öruggur staður til að vera á*

**Brimborg Reykjavík**
Bíldshöfða 8
Sími 515 7000

**Brimborg Akureyri**
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

**Nýir og notaðir bílar:**
Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17
og laugardaga kl. 12-16




Jeep Cherokee. MYND/GVA






# TRAUSTVEKJANDI KOSTUR

**Nú er loks komið íslenskt umboð fyrir Jeep og bílamerkin sem tilheyra Fiat-Chrysler. Jeep Cherokee er einn fjölmargra jeppa sem í boði eru og er endurkoma hans kærkomin viðbót.**

**JEEP CHEROKEE**
**Finnur Thorlacius** reynsluekur

Nýjasta bílaumboð landsins, Ís-Band er umboðsaðili fyrir Jeep-bíla, en að auki öll önnur bílamerki sem tilheyra Fiat-Chrysler bílasamsteypunni. Þar má finna bíla frá Fiat, Dodge, Chrysler, Alfa Romeo, Ram og að sjálfsögðu Jeep, svo í tilviki Ís-Band er um að ræða eitt af þeim bílaumboðum sem selja bíla frá fjöldamörgum bílaframleiðendum. Velja má um margar gerðir Jeep-bíla hjá Ís-Band og einn þeirra er hinn vinsæli Cherokee, sem ekki má þó rugla saman við öllu stærri bróður hans Grand Cherokee. Jeep Cherokee er jeppi sem fellur í millistærðarflokk jeppa (Midsize Crossover SUV) og er ámóta að stærð og eldri gerð bílsins sem seldist einkar vel hér á landi og sjá má enn talsvert af á götunum. Jeep Cherokee kom fyrst fram á sjónarsviðið árið 1974, en er nú af fimmtu kynslóð sem kynnt var árið 2014 og hefur selst mjög vel. Svo vel reyndar að Fiat Chrysler hætti framleiðslu Dodge Dart og Chrysler 200 í verksmiðjum sínum í Ohio til að geta framleitt þar meira af Cherokee. Hann er þó einnig framleiddur í Mexíkó, Argentínu og Ástralíu. Árið 2014 seldust 180.000 Cherokee, en 295.000 í fyrra.

**Kantaðar línur Jeep**

Mikið dálæti virðist vera á köntuðum línum í bandarískum bílum þessi dægrin og skera þeir sig nokkuð frá evrópskum og asískum bílaframleiðendum sem sveipa sína bíla mýkri og bognari línum. Þessar amerísku köntuðu línur leika svo sannarlega um Cherokee, en til eru þó aðrar gerðir Jeep-bíla sem




## JEEP CHEROKEE

**2,2 L DÍSILVÉL, 200 HESTÖFL**
**Fjórhjóladrif**

**Eyðsla** 4,8 l/100 km í bl. akstri
**Mengun** 150 g/km $CO_2$

**Hröðun** 8,5 sek.
**Hámarkshraði** 204 km/klst.
**Verð** frá 7.490.000 kr.
**Umboð** Ís-Band

- Útlit
- Verð
- Fótarými aftur í

- Lítil eyðsla
- Góð sjálfskipting
- Mikill staðalbúnaður

teljast vera enn kantaðri, svo sem Jeep Renegade og Patriot og ekki er Wrangler beint með bognar línur heldur. En ef einhver bílaframleiðandi á að vera trúr sínum uppruna og senda út þau skilaboð að þar fari grófgerðir og sterkir jeppar sem til eru í allt, þá er það einmitt Jeep. Köntunin sýnir sig ef til vill best í því að hjólaskálarnar eru ferkantaðar, þó svo að hjól séu yfirleitt kringlótt. En svona vill Kaninn greinilega hafa það þessa dagana en svo verður hver og einn að gera það upp við sig hvort þetta klæði annars vel þennan góða bíl.

### Ágætt afl og lítil eyðsla

Reynsluakstursbíllinn var af Limited-gerð og með dísilvél, 2,2 lítra og 200 hestafla. Hér fer skemmtileg og dugleg vél sem tengd er við 9 gíra mjög góða sjálfskiptingu. Reyndar má fá þessa 2,2 lítra dísilvél með minna afli, eða 182 hestöfl í ódýrari og minna búinni útgáfu bílsins, en hún er ekki í boði nú hjá Ís-Band. Með þessari 200 hestafla vél er Cherokee ári snarpur og 8,5 sekúndur í hundraðið, eða 1,5 sekúndum sneggri en með aflminni vélinni. Það magnaða er að hann er aðeins 0,1 sekúndu seinni í hundraðið en Cherokee með 268 hestafla V6 bensínvélinni. Hins vegar er þessi dísilvél miklu eyðslugrennri en stóra bensínvélin og uppgefin eyðsla er 4,8 lítrar. Í reynsluakstrinum reyndist bíllinn vera með ríflega 7 lítra á hverja 100 km og er það frábært fyrir svo stóran bíl. Ein af ástæðum þess að þessi bíll eyðir svo litlu er mjög fín 9 gíra sjálfskiptingin sem tryggir að bíllinn er alltaf á réttum snúningi. Þessi nýja skipting hefur minnkað eyðsluna um 16% frá fyrri gerð. Að auki finnst eiginlega ekki neitt fyrir skiptingum. Ekki heyrist mikið í vélinni inni í bílnum, en þó meira en í mörgum öðrum dísiljeppum frá lúxusbílaframleiðendunum.

### Fínn akstursbíll og vel búinn

Aksturseiginleikar Cherokeebílsins komu jákvætt á óvart þar sem bandarískum bílaframleiðendum hefur almennt ekki lukkast að búa til bíla sem ógna sambærilegum bílum frá evrópskum og asískum framleiðendum hvað aksturseiginleika varðar. Með mjög öruggum hætti var hægt á þessum Cherokee að fara hressilega í beygjurnar og bíllinn var stöðugur á vegi í langkeyrslunni. Nokkuð gott rými er í jeppanum, en fótarými í aftursætunum mætti nú ekki vera mikið minna. Farangursrýmið er dágott en þó hefði maður jafnvel búist við því stærra í amerískum jeppa. Innréttingin er lagleg og mun betri efnisnotkun er nú í Cherokee en í forverunum, en hann á þó nokkuð land við innréttingar sambærilegra bíla frá lúxusbílaframleiðendunum, enda nokkru ódýrari. Bíllinn er vel hlaðinn af búnaði og enginn eftirbátur lúxusbílanna að því leyti. Að sumu leyti er hann þó betur búinn og er meðal annars með hátt og lágt drif og fjórar akstursstillingar. Hvað stærð Cherokee varðar er hægt að bera hann saman við Audi Q5, BMW X3 og Land Rover Discovery Sport, en er þó sýnu stærri en þeir allir. Þó er þar um að ræða bíla sem falla í lúxusbílaflokk, en það á ekki við Jeep Cherokee. Fá má Cherokee frá 7.490.000 kr. með aflminni dísilvélinni, en á 8.690.000 kr. með þeirri stærri. Flestir virðast sammála um að besta vélin sem er í boði í Jeep Cherokee sé einmitt þessi aflmeiri 2,2 lítra dísilvél sem var í reynsluakstursbílnum og kemur það ekki á óvart. Hún er bæði eyðslugrönn og öflug. Bíllinn er vel hlaðinn búnaði og enginn eftirbátur lúxusbílanna að því leyti.









SUZUKI
NOTAÐIR BÍLAR


HONDA Jazz Elegance. Skr. 05.2014, ekinn 42 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur.
Verð 2.480.000.
Rnr.101430.


HONDA Accord Lifestyle. Skr. 07.2013, ekinn 47 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 3.350.000. Rnr.101283..


MERCEDES-BENZ A 170 Elegance. Skr. 09.2006, ekinn 120 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur.
Verð 1.150.000.
Rnr.101421.


SUZUKI SX4 S-Cross GL 2WD. Skr. 12.2015, ekinn 6 Þ.KM, bensín, 5 gírar.
Verð 3.280.000.
Rnr.101422.


SUZUKI Swift GL 4x4. Skr. 06.2015, ekinn 41 Þ.KM, bensín, 5 gírar.
Verð 2.290.000.
Rnr.101377.


MAZDA 3 Core. Skr. 09.2015, ekinn 17 Þ.KM, bensín, 6 gírar.
Verð 2.690.000.
Rnr.101412.


SUZUKI SX4 GLX. Skr. 12.2009, ekinn 102 Þ.KM, bensín, 5 gírar.
Verð 1.690.000.
Rnr.101314.


SUZUKI Grand Vitara Luxury. Skr. 11.2013, ekinn 34 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur, leður, sóllúga, dráttarbeisli.
Verð 4.150.000.
Rnr.101413.


CHEVROLET Cruze. Skr. 12.2014, ekinn 18 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur.
Verð 2.980.000.
Rnr.101404.

SUZUKI
Komdu og skoðaðu úrvalið
Suzuki bílar hf • Skeifan 17 • 108 Reykjavík • Sími 568 5100 • www.suzuki.is

# Nissan hækkar stöðugt á lista yfir verðmætustu vörumerkin

Fimmta árið í röð hækkar Nissan á lista fyrir verðmætustu vörumerki heims samkvæmt úttekt ráðgjafarfyrirtækisins Interbrand sem sérhæfir sig í virði vörumerkja og birtir árlega niðurstöðu sína í skýrslu sem kallast „Best Global Brands Study“. Á þessu ári setur Interbrand Nissan í 43. sæti yfir verðmætustu vörumerki heims sem er hækkun um 6 sæti frá 2015. Að mati Interbrand er Nissan í fjórða sæti á lista yfir vörumerki sem aukið hafa verðmæti sitt mest á undanförnum árum og er Nissan nú metið á meira en 11 milljarða bandaríkjadala.

### Skýr sýn og tækniþróun

Hjá Nissan er árangurinn fyrst og fremst að þakka skýrri framtíðarsýn og tækniþróun sem miðar að framleiðslu á farartækjum framtíðarinnar. Þá hefur Nissan einnig unnið markvisst að því að gera vörumerkið sýnilegra á alþjóðavettvangi, m.a. með kostun á framkvæmd alþjóðaviðburða. Einnig hefur Nissan skapað ákveðna og jákvæða ímynd í kringum vörumerkið sem kallar á gleði og eftirvæntingu og birtist m.a. í þróun og framleiðslu á spennandi ökutækjum sem höfða sterkt til mismunandi markhópa og eiga það um leið sameiginlegt að endurspegla stefnu Nissan í umhverfismálum og markmiðið um bætt öryggi í umferðinni.



Nissan Leaf



# Renault-Nissan aðalsamstarfsaðili Sameinuðu þjóðanna í samgöngumálum í nóvember

Renault-Nissan verður aðalsamstarfsaðili Sameinuðu þjóðanna í samgöngumálum við framkvæmd loftslagsráðstefnunnar sem haldin verður í Marokkó dagana 7. til 18. nóvember. Hana sækja um 25 þúsund gestir frá 195 löndum og verða 50 Renault Zoe, Nissan LEAF og 7 sæta Nissan e-NV200 á þönum allan sólarhringinn við fólksflutninga til og frá fundarstaðnum í Marrakech, þar sem ráðstefnan fer fram. Auk bílanna mun Renault-Nissan setja upp tuttugu hraðhleðslustöðvar í borginni sem hlaðið geta geyma rafbílanna í 80% á innan við klukkustund.

### Stæsti rafbílaframleiðandi heims

Renault-Nissan er sá bílaframleiðandi sem kominn er lengst í þróun mengunarlausra bíla fyrir almennan markað og hefur selt yfir 360 þúsund rafbíla í flestum löndum heims. Vinsælasti bíllinn á heimsvísu er Nissan Leaf á meðan Renault Zoe er vinsælastur í Evrópu. Um það bil helmingur allra rafbíla sem nú eru í umferðinni í heiminum er frá Renault-Nissan. Auk Leaf og Zoe má nefna tveggja sæta borgarbílinn Renault Twizy og skutluna Nissan e-NV200 sem tekur allt að 7 manns í sæti. Stjórnvöld í Marokkó hafa markað sér stefnu í loftslagsmálum þar sem m.a. er á stefnuskránni að stórauka áherslu á aukinn hlut mengunarlausra farartækja. Renault Group er einn helsti bílaframleiðandinn í Marokkó sem býður úrval rafmagnsbíla á markaðnum og nú þegar hafa fjölmörg fyrirtæki þar í landi ákveðið að innleiða rafmagnsbíla í flota sinn í stað bíla með hefðbundnum aflgjafa.




**DICK CEPEK** dekkin eru amerísk gæðavara og þekkt fyrir frábæra endingu, auk þess að vera afar hljóðlát. **DICK CEPEK** dekkin fást í þremur mismunandi útfærslum og í stærðum frá 29 til 44 tommu, og passa því undir flestar gerðir jeppa og jepplinga.

**NOKIAN** er einn virtasti framleiðandi í heimi á vetrardekkjum. **Arctic Trucks** hefur átt gott samstarf við **Nokian** sem skilað hefur frábærum árangri enda koma hér saman tveir sérfræðingar í vetrarakstri. AT315 35 tommu dekkið er afrakstur þessa samstarfs og í byrjun árs er væntanlegt á markað nýtt 44 tommu dekk sem sérstaklega er hannað til aksturs við afar erfiðar aðstæður að vetri til .

TILBOÐ LOFTDÆLA
fylgir seldum dekkjagöngum meðan birgðir endast.



Viair 85p

ÖLL ALMENN DEKKJAÞJÓNUSTA
TÍMABÓKANIR
Í SÍMA 540 4900

ARCTIC TRUCKS ÍSLAND EHF.
KLETTHÁLSI 3
110 REYKJAVÍK

SÍMI: 540 4900
NETFANG: info@arctictrucks.is
www.arctictrucks.com

ARCTIC TRUCKS
EXPLORE WITHOUT LIMITS



100 bílar við Stekkjarbakka.

# Fiat-Chrysler á Stekkjarbakka

Bílasalan 100 bílar hefur nú flutt sig um set úr Mosfellsbæ í rúmgott húsnæði við Stekkjarbakka 4 í Mjóddinni við hliðina á Garðheimum. Í nýja húsnæðinu er rúmgóður innisalur og rúmgóð bílastæði úti. Bílasalan 100 bílar var stofnuð árið 2005 og var þá til húsa í Funahöfða 1. Áramótin 2008/2009 fluttu 100 bílar í Mosfellsbæ og hafa verið þar þangað til um miðjan ágúst þegar flutt var í Stekkjarbakka.

100 bílar selja bíla fyrir einstaklinga og fyrirtæki og sjá 100 bílar um sölu á notuðum bílum fyrir Íslensk-Bandaríska ehf. bílaumboð (Ís-Band) sem var að opna umboð fyrir Fiat Chrysler samsteypuna. Ís-Band er tímabundið með nýju bílana í húsnæði 100 bíla á meðan breytingar standa yfir á sýningarsal Ís-Band í Mosfellsbæ. Fólk getur því komið í húsnæði 100 bíla og skoðað úrval af nýjum Fiat-, Jeep- og Dodge-bílum. Laugardaginn 17. september verður formleg opnun í Stekkjarbakka þar sem veitingar verða í boði fyrir gesti á milli 11 og 15.

# General Motors tvöfaldar hagnaðinn frá því í fyrra

Þriðji ársfjórðungur þessa árs var gjöfull fyrir General Motors og tvöfaldaðist hagnaðurinn á milli ára og nam 2,77 milljörðum dollara, eða 318 milljörðum króna. Að auki var velta GM á ársfjórðungnum sú mesta frá hruni og var hún 10% meiri en í fyrra. Sala bíla GM gekk afar vel í heimalandinu Bandaríkjunum, en einnig var mikil söluaukning í Kína. Salan í Evrópu og S-Ameríku gekk ekki eins vel og dró aðeins úr hagnaði GM. Hagnaður GM nam 1,72 dollara á hvern hlut í fyrirtækinu og fór næstum því 20% fram úr spám kaupahéðna á Wall Street. Ef til vill kemur þessi góða niðurstaða til með að hækka hlutabréfaverð í GM, en stjórnendur þess hafa furðað sig á lágu gengi hlutabréfaverðs í fyrirtækinu þrátt fyrir ágæt uppgjör á síðustu ársfjórðungum. Á meðan hefur hlutabréfaverð í Tesla haldist hátt þrátt fyrir að það hafi aldrei skilað hagnaði. Fiat-Chrysler skilaði einnig uppgjöri fyrir 3. ársfjórðung og nam hagnaðurinn 78 milljörðum króna, en mikill kostnaður við innkallanir hafði neikvæð áhrif á hagnað Fiat-Chrysler að þessu sinni.



Höfuðstöðvar GM í Detroit.

REXTON

40 BEIN LEIÐ Í 40 ÁR

1975 | Bílabúð Benna | 2015

# Alvöru jeppi!


Bíll á mynd: Rexton HLX með 33” breytingu

Bílabúð Benna áskilur sér rétt til breytinga án fyrirvara á verði og búnaði





- **Byggður á grind**
- **Hátt og lágt drif**
- **Dísel 178 hestöfl**
- **Tog 400 Nm við 1400 - 2800 sm**
- **Dráttargeta 2,6 T**
- **7 sæta**

Rexton kemur reyndu jeppafólki skemmtilega á óvart. Hér er á ferðinni hörkufrábær jeppi, sem stenst samanburð við öflugustu jeppana á markaðnum. Hann er byggður á grind, með læstum millikassa og lágu drifi. Rexton er hlaðinn vönduðum búnaði og þægindum og býðst á sérlega hagstæðu verði. SsangYong hefur verið leiðandi bílaframleiðandi í Suður-Kóreu og notið virðingar og trausts fyrir tæknilegar lausnir og framúrskarandi hönnun. Komdu í reynsluakstur.

- Bíll byggður á grind
- Millikassi með læsingu og lágu drifi
- 7 þrepa sjálfskipting
- 16” álfelgur
- Bakkmyndavél
- Tölvustýrð loftkæling
- Hiti í stýri
- Leðurstýri með útvarpsstýringu
- Hæðarstillanlegt stýri
- Hraðastillir (Cruise Control)
- Útvarpstæki með MP3
- 7” skjár
- HDMI tengi
- Bluetooth tenging við farsíma
- 6 hátalarar, USB- og Aux tengi
- Þokuljós - framan og aftan
- LED ljós að framan og aftan
- Rafdrifnir hliðarspeglar með hita
- Rafaðfellanlegir hliðarspeglar
- Hiti í sætum, framan og aftan (2 sætaraðir)
- 7 manna
- Loftpúðar í stýri, farþegamegin og í hliðum
- Fjarstýrðar samlæsingar
- Rafdrifnar rúður í fram- og afturhurðum
- Opnanlegur gluggi á afturhlera
- Vindskeið að aftan með LED bremsuljósi
- Þjófavörn
- Varadekk
- Viðarklæðning í mælaborði
- ABS hemlakerfi
- ESP stöðugleikastýring
- HDC, heldur á móti niður brekkur
- ARP veltivörn
- Sjálfvirkur birtustillir í baksýnisspegli
- Langbogar á þaki


2WD
Há-drifs stilling


4WD
Há-drifs stilling


4WD
Lág-drifs stilling

## Verð: 5.190 þús kr.

**Rexton DLX | dísel túrbó | beinskiptur 6 gíra**

Rexton DLX | sjálfskiptur 7 gíra: Verð: 5.690 þús. kr.

Bílabúð Benna
Sérfræðingar í bílum

**Verið velkomin í reynsluakstur | benni.is.**

| Reykjavík | Reykjanesbær | Bílaríki, Akureyri |
|---|---|---|
| Tangarhöfða 8 | Njarðarbraut 9 | Glerárgötu 36 |
| Sími: 590 2000 | Sími: 420 3330 | Sími: 461 3636 |

SSANGYONG

## SUZUKI S-CROSS

1,4 L BENSÍNVÉL
140 HESTÖFL
Fjórhjóladrif

**Eyðsla** 5,2 l/100 km í bl. akstri

**Mengun** 128 g/km $CO_2$
**Hröðun** 10,5 sek.
**Hámarkshraði** 200 km/klst.
**Verð** 4.230.000 kr.
**Umboð** Suzuki á Íslandi

- Efnisnotkun í innréttingu
- Verð á dýrustu útgáfu

- Akstурseiginleikar
- Stíf og sportleg fjöðrun
- Hæð frá vegi



MYND/EYÞÓR

# LAGLEGRI OG HÆRRI S-CROSS

**Komin er ný andlitslyft gerð Suzuki S-Cross. Hefur hækkað frá vegi og er því enn hæfari til að glíma við íslenskar aðstæður með sitt góða Allgrip-fjórhjóladrif. Er með skemmtilega stífa fjöðrun og lipur í akstri.**

**SUZUKI S-CROSS**
**Finnur Thorlacius** reynsluekur

Forveri Suzuki S-Cross bílsins sem hefur fengist hér á landi í nokkur ár var Suzuki SX4, en árið 2013 var skipt um nafn og bíllinn stækkaði umtalsvert og fór farangursrýmið til að mynda úr 270 lítrum í 430 lítra. Bílar Suzuki eru almennt smáir og bílaframleiðendinn þekktur fyrir það, sem og gott fjórhjóladrif sem er í þeim flestum. Því má ef til vill segja að S-Cross sé fremur stór á meðal Suzuki-bíla og sannarlega góður ferðabíll með 18 cm undir lægsta punkt, gott farþega- og flutningsrými og fjórhjóladrif til að komast um á erfiðari leiðum. Bíllinn hækkaði um 1 cm undir lægsta punkt við andlitslyftinguna og eru það góðar fréttir fyrir íslenska kaupendur. Það er líka einhver góð ástæða fyrir því að margar bílaleigur landsins hafa valið Suzuki-bíla í sína þjónustu, þar fara bílar sem henta íslenskum vegum, leigutakar komast leiðar sinnar á þeim og þar sem þeir ferðast oftast um í pörum og sjaldnar í stórum fjölskyldum eru Suzuki-bílar nógu stórir til starfans. Auk þess eru þeir áreiðanlegir og kosta ekki mikið og því ekki eins dýrir í leigu og stærri fjórhjóladrifsbílar. Þetta vita margir Íslendingar og því eru bílar Suzuki vinsælir á meðal þeirra líka.

### Lagleg andlitslyfting

Núverandi kynslóð S-Cross er orðin þriggja ára og því komið að andlitslyftingu á bílnum og þessi snaggaralegi bíll er orðinn fríðari og með mun grimmari framenda. Oft er talað um það að S-Cross sé einn helsti keppinautur Nissan Qashqai, sem er mest seldi jepplingur Evrópu og reyndar heimsins alls. Það fer heldur ekki hjá því að bílarnir séu líkir og það á við einn samkeppnisbílinn enn, þ.e. Kia Sportage. Þeir eru ekki bara svipaðir í útliti, heldur stærð einnig, þó svo Kia Sportage hafi vinninginn hvað farangursrými varðar. Flestir eru þó á því að Suzuki S-Cross hafi vinninginn þegar kemur að skemmtanagildi í akstri og hæfni til að glíma við erfiðari aðstæður. Það kom í ljós í reynsluakstri á S-Cross. Hann er einstaklega lipur í akstri og meðfærilegur bíll. Honum var ekið talsvert utanbæjar og fékk að glíma við bæði malbik og malarvegi og í mölinni og í smá ófærum fór hann á kostum og minnti á að þar fer einn af hæfum Suzukibílum með mikla getu.

### Sprækar Boosterjet-vélar

Fá má S-Cross með tveimur gerðum bensínvéla hér á landi, 1,0 og 1,4 lítra Boosterjet-vélum sem báðar eru með forþjöppu. Þær eru 112 og 140 hestafla og duga þessum 1,2 tonna og létta bíl ágætlega. Reynsluakstursbíllinn var með stærri vélinni og er hann ári sprækur með henni og skortir aldrei afl. Í borgarakstri er S-Cross fimur bíll sem skemmtilegt er að henda fyrir hornin og hliðarhallinn alveg innan marka fyrir jeppling. Veggrip er mikið og Allgrip-fjórhjóladrifið, sem er reyndar stillanlegt, sannar sig fljótt. Fá má S-Cross með báðum vélum beinskipta eða sjálfskipta, en reyndur var sjálfskipti bíllinn og virkaði sjálfskiptingin prýðisvel. Fjöðrun bílsins er fremur í harðari kantinum og fer það eftir óskum ökumanns hvort það telst til kosta eður ei. Þeir sem kjósa góða aksturseiginleika umfram mjúk þægindi fagna henni en þeir sem velja mýktina umfram hæfni í akstri telja það ókost.










### Mikill staðalbúnaður

Hvað innréttingu bílsins varðar þá má helst setja út á fátæklegri efnisnotkun en finna má til dæmis í samkeppnisbílnum Nissan Qashqai. Þessi staðreynd á við flesta Suzuki-bíla, en á móti kemur að allt er ávallt vel smíðað og bilar lítið. Svo sem eins og í Toyota-bílum. Jafnvel ódýrustu gerðir S-Cross eru vel útbúnar staðalbúnaði. Þeir eru með hitastilltri miðstöð, skriðstilli, USB-tengi, sætishiturum, 12 volta tengjum fram í og aftur í, leðurklæddu stýri, bakkmyndavél, lykillausri ræsingu og hurðaropnun, 7 hátalara hljóðkerfi og þeir koma allir á 17 tommu álfelgum. Ódýrasta útgáfa S-Cross kostar 4.230.000 kr. og er hann þá beinskiptur og með minni vélinni. Reynsluakstursbíllinn með stærri vélinni kostar 4.880.000 kr. og í dýrustu GLX-útgáfunni kostar hann 5.380.000 kr. Nissan Qashqai kostar frá 3.790.000 kr. og Kia Sportage frá 4.690.77 kr.

# ALHLIÐA VÉLAVERKSTÆÐI



- Plönum hedd
- Rennum & slípum sveifarása
- Málmsprautum slitfleti, t.d. á tjakkstöngum
- Tjakkaviðgerðir
- Almenn renni- & fræsivinna
- Almenn suðuvinna
- Gerum við loftkælingu bíla
- Allar almennar vélaviðgerðir

optimar KAPP Iceland

Miðhraun 2 | 210 Garðabær | Sími 587 1300 | optimar@optimar.is | www.optimar.is



Tesla hefur nú sent frá sér hugbúnað fyrir Model S og Model X bílana.

## Vespa 400 boðin upp á eBay á 39.950 dollara

Vespa er þekktara fyrir framleiðslu léttmótorhjóla en bíla en fyrirtækið framleiddi hins vegar þennan Vespa 400 bíl á árunum 1957 til 1961. Framleiðsla hans náði mestum hæðum árið 1958 er framleiddir voru 12.130 bílar en bæði sölu og framleiðslu fór hnignandi eftir það og átti það helst skýringar í því að bíllinn var afllaus, þótti ansi lítill, með afar skrítna skiptingu og einkar illa hljóðeinangraður. Það hefur þó ekki komið veg fyrir það að nú eru þessir bílar verðmætir söfnunarbílar, enda ekki ýkja mörg eintök til af þeim svona heilleg eins og þessi sem hér sést. Nú er verið að bjóða þennan bíl á eBay á 39.975 dollara, eða 4,7 milljónir króna, en enginn hefur þó ennþá stokkið á það verð og mun lægri tilboð komin í hann. Þessu tiltekna eintaki, sem er af árgerð 1960, hefur aðeins verið ekið 8.000 kílómetra og er hann því svo til ónotaður og eiginlega ekkert sést á honum. Allir íhlutir hans eru upprunalegir og virka sem skyldi. Bíllinn er að sjálfsögðu í ökuhæfu ástandi. Vespa 400 er með 14 hestafla vél og hámarkshraða sem er 83,4 km/klst. og því má ná á um 25 sekúndum. Uppgefin eyðsla hans í breskum prófunum var 5,11 lítrar.



# Tesla sendir uppfært stýrikerfi 8.0 í alla bíla

Tesla hefur nú sent frá sér útgáfu 8.0 af hugbúnaði fyrir Model S og Model X bílana og þar er að finna margar nýjungar. Eins og ávallt er uppfærslan sótt sjálfvirkt í gegnum netið, en allir Teslabílar eru nettengdir og greiðir Tesla fyrir alla notkun. Um er að ræða langþróaðasta hugbúnaðinn í sjálfstýringu í bílum sem almenningur getur keypt. Bíllinn er þó ekki sjálfakandi, þar sem ökumaður þarf ennþá að sitja undir stýri og mögulega grípa inn í. Meiri kröfur eru nú gerðar til viðbragða ökumanns ef bíllinn telur þörf á slíku inngripi.

### Safnar gögnum og sendir betrumbætur

Ein af nýjungunum sem fylgja útgáfu 8.0 er fólgin í því að unnið er nánar með gögn frá radar bílsins sem greinir nú þrívíða mynd af umhverfinu framan við bílinn. Þannig er hægt að beita neyðarhemlun mun fyrr en ella, sem eykur öryggi. Tesla safnar einnig gögnum frá bílaflota sínum í rauntíma til að betrumbæta kort og akstursupplýsingar. Eigendur bílanna hafa tekið eftir því hvernig bílarnir læra á götur og verða betri í að keyra sjálfir eftir því sem meira er keyrt með sjálfstýringu. Gögnum er hlaðið í gagnagrunn sem sendir betrumbætur til allra bíla. Nú verður þessi aðferð notuð til að „hvítmerkja“ staði sem ökumenn telja vera í lagi og hemla sjaldan á.

### Hægt að stjórna hitastigi inni í bílunum

Allar Teslur í Evrópu eru með ókeypis Premium-áskrift að Spotify og hefur umhverfið vegna streymis tónlistar verið þróað mikið. Einnig er hægt að nota einkareikning eiganda og samtengja við önnur tæki. Þegar hlustað er á Spotify í síma færist tónlistin sjálfkrafa í bílinn þegar sest er inn í hann. Í Bandaríkjunum hafa 30 manns dáið á þessu ári vegna of mikils hita inni í bílum. Í þessari útgáfu stýrikerfis bílsins er hægt að stilla hámarkshitastig sem má vera inni í bílnum. Það hefur alla tíð verið hægt að ákvarða hitastigið í bílunum með appi í símanum, en þá er það stillt fyrir ákveðinn tíma. Elon Musk, aðaleigandi Tesla, hefur gefið það upp að í útgáfu 8.1 verði einnig hægt að stilla lágmarkshitastig í bílunum. Það mun væntanlega gagnast íslenskum notendum betur, þar sem hægt er að halda bílunum frostfríum, eða við t.d. 10°C allan veturinn. Vegna stærðar rafhlöðunnar í Model S og X hefur þetta lítil áhrif á drægi þeirra. Tesla eru einu bílarnir sem fá reglulega uppfærslu á stýrikerfi og öllum hugbúnaði og batna þeir því sífellt með tímanum. Ljóst er að aðrir framleiðendur munu reyna að feta sig í þessa átt með tímanum, enda eykur þetta upplifun, öryggi og gæði bílanna.




Taktu Krók á leiðarenda

Krókur er fyrirtæki sem að hefur sérhæft sig í flutningum og björgun ökutækja. Félagið rekur einnig þjónustumiðstöð fyrir tjónaökutæki þar sem veitt er ahliða þjónusta í meðhöndlun tjónabifreiða og annarra bifreiða samkvæmt óskum viðskiptavina.

Krókur býður m.a. uppá:
• Starfsmenn sem eru þjálfaðir og reyndir í bíla- og tækjaflutningum

KRÓKUR
á þinni leið
Suðurhraun 3, 210 Garðabær


30%
afsláttur af ÖLLUM
úlpum og skóm!
VETRAR-
SPRENGJA!
30-50% afsláttur af völdum vörum dagana 1-8. nóv!
ZIKZAK
TÍSKUHÚS
ÚLPA
ÁÐUR 12.990
NÚ 8.990
st. 36-56
ÚLPA
ÁÐUR 12.990
NÚ 8.990
st. 36-56
ÚLPA
ÁÐUR 12.990
NÚ 8.990
st. 36-56
ÚLPA
ÁÐUR 12.990
NÚ 8.990
st. 36-56
KJÓLL
ÁÐUR 5.990
NÚ 3.990
st. S-XXXL
PEYSA
ÁÐUR 6.990
NÚ 4.890
st. S-XXXL
KJÓLL
ÁÐUR 5.990
NÚ 2.990
st. S-XXXL
KJÓLL
ÁÐUR 5.990
NÚ 2.990
st. S-XXXL
KJÓLL
ÁÐUR 5.990
NÚ 2.990
st. S-XXXL
Tilboðsverð
6.990,-
Áður 9.990,-
st. 36-41
Tilboðsverð
6.290,-
Áður 8.990,-
st. 36-41
Tilboðsverð
6.290,-
Áður 8.990,-
st. 36-41
Tilboðsverð
8.390,-
Áður 11.990,-
st. 36-41
Tískuhús Zik Zak • www.Facebook.com/zikzakkringlan • 1. hæð Kringlunnar • Sími: 551-1314

## BÍLAR & FARARTÆKI


bilfang.is
S. 567 2000



**DIESEL / STATION !**
Volvo V70 D3 Diesel 10/2015 ek 37 þ.km Flott, eintak búin árekstravarnar pakka ofl verð 4.590 þús ! Skipti möguleg !



**GOTT VERÐ !**
Citroen Jumper Langur Diesel 06/2008 ek 132 þ.km , vel búin með hillum afturí ! Verð 1.1 mil + VSK ! Skipti möguleg !

**Bílasalan Bílfang**
**Malarhöfða 2, 110 Rvk.**
**Sími: 567 2000**
**Seljum í dag !**
**www.bilfang.is**

BORGARBÍLASALAN
580 8900 • borgarbilasalan.is



**VINNUÞJARKURINN!!!**
'05 FORD RANGER 4X4. EK 183 Þ.KM, DÍSEL, BEINSK...BESTA VERÐIÐ 999 ÞÚS!!! #451019. S: 580 8900



**STÓRI DURGURINN!!!**
'07 NISSAN PATHFINDER TDI 33". EK149 Þ.KM, DÍSEL, SJÁLFSK...GERÐU TILBOÐ!!! ÁSETT 2.380 ÞÚS. #471419. S: 580 8900



**7 MANNA SÆLAN!!!**
'05 RENAULT MEGANE SCENIC. EK 110 Þ.KM, SJÁLFSK, BENSÍN... TILBOÐSVERÐ 499 ÞÚS!!!! #104271. S: 580 8900

**Borgarbílasalan**
**Funahöfða 1, 110 Reykjavík**
**Sími: 580 8900**

100bílar.is bílasala



Kia Sportage Luxury, 5/2015, ek 68 þús km, dísel , sjsk, leður ogfl, tilboðsverð 4.590 þús, er á staðnum, raðnr 152671.



Volvo S40, 7/2005 ek 223 þús km, bensín, bsk, einn eigandi, langkeyrsla, áett verð 990 þús, er á staðnum, raðnr 100070



Jeep Grand Cherokee Overland, 7/2014, ek 41 þús km, dísel, sjsk, umboðsbíll, leður, topplúga, dráttarbeisli ogfl, tilboðsverð 9.990 þús, er á staðnum raðnr 152579.

**100 bílar ehf**
**Stekkjarbakki 4, 109 Reykjavík**
**Sími: 517 9999**
**Opið 10-18 virka daga & laugardaga 11-15**
**www.100bilar.is**

bilauppbod.is

**ÞARFTU AÐ KAUPA EÐA SELJA BÍL?**
Bilauppbod.is er uppboðsvefur þar sem þú getur keypt eða selt bíl á einfaldan og hagkvæman hátt. Kynntu þér málið. www.bilauppbod.is Sími 522-4610.

**Bílauppboð - Krókur**
**Sími: 522 4610**
**www.bilauppbod.is**


## Bílar til sölu



Citroen C4 árgerð 2008. Ek. um 102.000 km. Eyðslugrannur og þægilegur bíll. Ótrúlegt verð, aðeins 750.000 kr. Uppl. í s. 8971565 eða 6991056



**LANDCRUISER GX 150**
Árg. 2016, ek. 6 þ.km., 33" breyting, sóllúga, dr.kr., ofl. STGR. 9,9mkr, Rnr. 182583, Uppl. í s. 773-3313


Vissir þú að... Barnaheill Save the Children á Íslandi


## Bílar óskast

**BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.**
Má þarfnast lagfæringa.
**Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.**

## ÞJÓNUSTA

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Málarar

Getum bætt við okkur inni- og útiverkefnum. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. Sigurður 896-5758.

**REGNBOGALITIR**
Getum bætt við okkur verkefnum. Vönduð vinna unnin af fagmönnum. Góð umgengni. malarar@simnet.is Sími 8919890

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Húsaviðhald




Húsasmíðameistari getur bætt við sig verkefnum, nýsmíði, viðgerðir og viðhald. Uppl. í s. 858 3300

Smiður getur bætt við sig verkefnum. Uppl. í s. 8645920

## Nudd

**NUDD**
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Sími 695 9434, Zanna.

## Skemmtanir

Söngkona og gítarleikari óskast. Uppl. á antonben@simnet.is


Ábendingahnappinn má finna á **www.barnaheill.is**
SAFT



HÖFÐABÍLAR 577 4747

Finndu okkur á Facebook

Opið
virka daga 10:00-18:00
laugardaga 12:00-15:00

Heitt
á könnunni.

**Vegna mikillar sölu undanfarið óskum við eftir bílum á skrá.**



**TOYOTA Rav4 GX plus.** Árgerð 2015, ekinn 52 Þ.KM, dísel, 6 gírar. **Verð 4.090.000.** Seljandi skoðar skipti. Rnr.111523.



**MMC Outlander intense.** Árgerð 2015, ekinn 48 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. **Verð 4.590.000.** Seljandi skoðar skipti. Rnr.222106.



**SKODA Citigo.** Árgerð 2016, ekinn 20 Þ.KM, bensín, 5 gírar. **Verð 1.590.000.** Seljandi skoðar skipti. Rnr.111634.



**NISSAN Pulsar Acenta.** Árgerð 2015, ekinn 57 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. **Verð 2.790.000.** Seljandi skoðar skipti. Rnr.111302.



**VW Golf bluemotion.** Árgerð 2016, ekinn 28 Þ.KM, bensín, 6 gírar. **Verð 2.890.000.** Seljandi skoðar skipti. Rnr.111469.



**LAND ROVER Discovery 4 SE.** Árgerð 2012, ekinn 102 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur 8 gírar. Seljandi skoðar skipti. **Verð 8.650.000.** Rnr.222273.



**LAND ROVER Discovery 4 HSE.** Árgerð 2013, ekinn 57 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. **Verð 11.650.000.** Seljandi skoðar skipti. Rnr.222263.



**KIA Rio ex 1.4 disel.** Árgerð 2016, ekinn 29 Þ.KM, dísel, 6 gírar. **Verð 2.590.000.** Seljandi skoðar skipti. Rnr.111414.



**HYUNDAI Tucson style.** Árgerð 2015, ekinn 34 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur 6 gírar. **Verð 5.590.000.** Seljandi skoðar skipti. Rnr.111510.



**HYUNDAI I20 classic.** Árgerð 2016, ekinn 19 Þ.KM, bensín, 5 gírar. **Verð 2.090.000.** Seljandi skoðar skipti. Rnr.111655.



**FORD Transit Custom.** Árgerð 2016, Nýr bíll. Ek 0. dísel, beinskiptur, Bluetooth. **Verð 3.890.000. Verð án Vsk 3140.-** Seljandi skoðar skipti. Rnr.210835.



**BMW 520d.** Árgerð 2016, ekinn 8 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. **Verð 9.350.000.** M-Tech pakki. Seljandi skoðar skipti á jeppa. Rnr.222249.

ergo Höfðabílar • S: 577 4747 • Fosshálsi 27 (Draghálsmegin), 110 Reykjavík • hofdabilar.is ergo

## KEYPT & SELT

### Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
**Jón og Óskar - jonogoskar.is**

**s. 552-4910.**

### Nudd

**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. S. 698 8301 www.tantratemple.is

### Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

### Dýrahald

Hreinræktaður Bichon Frise rakki 8 vikna til sölu. Allar uppl. í s. 778 7555

## HÚSNÆÐI

### Húsnæði í boði

Til leigu 3ja herb, 50fm íbúð við Njálsgötu. Uppl. í s. 777 0750

### Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Suma hluti er betra að geyma. Geymslur fyrir dánarbúið, allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

**UPPHITUÐ FERÐAVAGNAGEYMSLA Í BORGARFIRÐI**
Getum bætt við okkur örfáum tjaldvögnum og fellihýsum í vetur. S. 773 3376 Sólbakki.

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
**FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR!**
á minna en 7 m2. Ódýrt eftir það. S: 564-6500

## ATVINNA

### Atvinna í boði

**LEBOWSKI BAR**
óskar eftir að ráða fólk í sal í kvöld og helgarvinnu í vetur. Hentar mjög vel fyrir skólafólk. Einnig vantar okkur vana barþjóna á helgarvaktir. Aldurstakmark er 20 ára.
**Umsóknir ásamt mynd sendist á info@lebowskibar.is**


**TRAUSTI fasteignasala**


**Kristján Baldursson hdl.**
*Löggiltur fasteignasali og leigumiðlari*
*867-3040*

**Klapparhlíð 18**




**Opið hús í dag þriðjudaginn kl. 17:30-18:00**
Falleg tveggja herbergja íbúð á fyrstu hæð í góðu fjölbýlishúsi við Klapparhlíð í Mosfellsbæ. Sérinngangur og verönd. Íbúðin er skráð 63,9 fm þar af geymsla 4,9 fm.
Íbúðin er laus við kaupsamning. **Verð 29,9 mkr.**

Trausti fasteignasala, trausti@trausti.is, s.546-5050, Vegmúla 4, 108 Reykjavík

**SMIÐIR - VERKAMENN - MÚRARAR**

ERUM MEÐ VANA SMIÐI, VERKAMENN, MÚRARA OG PÍPARA SEM ERU KLÁRIR Í MIKLA VINNU.

HANDAFL EHF s. 777 2 333



**GRANDAVEGUR 47 – 8. HÆÐ**

Glæsileg 114,8 fm 4ra herbergja íbúð á 8. hæð í lyftuhúsi við Grandaveg 47 í Vesturbænum. Íbúðin er skráð samtals 137,9 fm þar af íbúðarrými 114,8 fm og stæði í bílageymslu 23,1 fm. Íbúðin skiptist m.a. í stórar stofur og 1-2 herbergi. Stórglæsilegt útsýni er úr íbúðinni. Íbúðin er fyrir 60 ára og eldri. **Verð 51,0 millj.**
**Nánari upplýsingar veitir Magnea S. Sverrisdóttir fasteignasali s: 861 8511, magnea@eignamidlun.is**

**EIGNAMIÐLUN**
*Sala fasteigna frá* 1957
*Elsta starfandi fasteignasala landsins*

588 9090 · www.eignamidlun.is · Grensásvegi 11 · 108 Reykjavík

**Svissnesku rakatækin+**




**íshúsið**
1983 - 2013 30 ára reynsla

S:566 6000 ● Smiðjuvegur 4a, græn gata, 200 Kópavogur

**Gastæki**
Einnota kútar
Engin leiga



Tilboð kr 24.990

**Hljóðdeyfar**



Mjög einföld leið til að draga úr hljóði!

**Hljóðlátir blásarar**
100 mm



**Hitablásari**



Tilboð frá kr 89.990

**Loftviftur**

Tilboð frá kr 21.990



**Hitavír**
Í þakrennur eða vatnslagnir
Selt í lausu eða í kittum.



Verð frá kr 1.450

**viftur.is**
-andaðu léttar



## Merkisatburðir

**1512** Sixtínska kapellan, skreytt af Michelangelo Buonarroti, er opnuð almenningi í fyrsta skipti.
**1710** Er hringt er til messu á Hólum rifnar kirkjuklukkan „af engri orsök, svo menn vissu“, segir Mælifellsannáll.
**1947** Síld finnst í Hvalfirði og veiðar hefjast.
**1961** **Vilhjálmur Einarsson** íþróttakappi stekkur 175 cm í hástökki án atrennu innanhúss og er það einum cm hærra en gildandi skráð heimsmet.
**1977** Íslenska óperan er stofnuð.
**1980** Skúli Óskarsson lyftir 315,5 kg í réttstöðulyftu í 72 kg flokki og bætir með því heimsmetið um 0,5 kg.
**1988** Fyrsta fjórburafæðing á sér stað á Íslandi þar sem öll börnin lifa, allt stúlkur.
**1991** Kvikmyndin Hvíti víkingurinn eftir Hrafn Gunnlaugsson er frumsýnd.
**2004** Eldgos hefst í Grímsvötnum.

# Fyrsta dæmi af skrifandi alþýðukonu er frá 17. öld

**Guðrún Ingólfsdóttir bókmenntafræðingur hefur rannsakað skriftaiðju kvenna á fyrri öldum og heldur fyrirlestur um hana síðdegis í dag í Lögbergi í Háskóla Íslands.**

Lengi framan af stóð konum ekki til boða að verma skólabekki en Guðrún Ingólfsdóttir bókmenntafræðingur ætlar að halda erindi í dag um bókmenningu íslenskra kvenna á miðöldum. Fyrirlesturinn er í Lögbergi í Háskóla Íslands og hefst klukkan 16.30.

*Guðrún, hvað áttu við með bókmenningu?* „Þegar talað er um bókmenningu á þessum tíma þá tengist það fyrst og fremst handritamenningu. Þó prentsmiðja væri í landinu þá hefur ekki varðveist nema ein prentbók úr eigu konu fyrir 1730, mér vitanlega.“

*Kunnu konur yfirleitt að lesa og skrifa?* „Já, það sem ég var fyrst og fremst að gera var að reyna að fá innsýn í bókmenningu kvenna frá miðöldum til ársins 1730. Ég leitaði að öllu sem ég gat fundið um bókaiðju kvenna frá þessum tíma hvort sem það voru handrit sem þær áttu eða handrit með þeirra hendi. Ég fór líka í skáldaðar og sögulegar heimildir og reyndi að finna dæmi um bóklega menntun kvenna. Framan af voru það fyrst og fremst yfirstéttarkonur sem fengu hana. Það er ekki fyrr en á 17. öld sem ég fann dæmi af læsri og skrifandi alþýðukonu. Það er í sjálfu sér mjög merkilegt því að lög um lestrarkennslu tóku ekki gildi fyrr en um miðja 18. öld og lög um skriftarkennslu árið 1880.“

*Af hverju stoppar þú við 1730?* „Það ár deyr Árni Magnússon handritasafnari og það urðu ákveðin vatnaskil eftir söfnun hans. Ég sá þess hreinlega stað í bókaeign kvenna.“

*Hvers konar bækur áttu konur?* „Bækur kvenna voru fjölbreyttar að efni og erfitt að lýsa þeim í stuttu viðtali. Sumpart endurspeglar þó bókaeign kvenna eitt meginhlutverk þeirra sem húsmæðra og mæðra, en þær sáu oft um menntun barna á fyrstu stigum. Og þó að þær hafi ekki fengið formlega menntun innan skóla þá má í bókum kvenna finna efni sem tengist skólunum.“

Fyrirlesturinn er ókeypis og allir eru velkomnir á hann meðan húsrúm leyfir.

gun@frettabladid.is



**„Þó konur hafi ekki fengið formlega menntun innan skóla þá má í bókum kvenna finna efni sem tengist skólunum,“ segir Guðrún sem hefur nýlega gefið út bók um rannsóknir sínar.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

**Bækur kvenna voru fjölbreyttar að efni og erfitt að lýsa þeim í stuttu viðtali.**

---



Elskuleg systir okkar,
**María Snæfeld Eyþórsdóttir**
bókasafnsfræðingur,
lést á gjörgæsludeild Landspítalans í Fossvogi mánudaginn 24. október 2016.
Útförin fer fram frá Áskirkju föstudaginn 4. nóvember 2016 kl. 13.00.

**Birna Eyþórsdóttir**
**Gísli Eyþórsson** — **Sigrún Þorvarðardóttir**
**Ingibjörg Eyþórsson** — **Gunnar Jónsson**
**Kári Eyþórsson**
**Jón Eyþórsson** — **Heiða Guðmundsdóttir**
**og fjölskyldur þeirra.**

---



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,
**Guðmundur Viggósson**
frá Ísafirði,
Skipalóni 10, Hafnarfirði,
lést á hjúkrunarheimilinu Ísafold 22. október sl.
Útförin verður auglýst síðar.

**Alda Garðarsdóttir**
**Helga Björk Guðmundsdóttir** — **Einar Már Jóhannesson**
**Kristín Þorbj. Guðmundsdóttir** — **Sigurður B. Sigurðsson**
**Sæmundur G. Guðmundsson** — **Íris Hrund Sigurðardóttir**
**Hafdís Erla Guðmundsdóttir**
**og barnabörn.**

---

*Nærgætni, hlýja og virðing* — *Við andlát ástvinar*



**Ísleifur Jónsson**
Útfararstjóri
Farsími 821 5353



**Steinunn Magnúsdóttir**
Útfararþjónusta
Farsími 861 3441

ÚTFARARSTOFA REYKJAVÍKUR
Álfheimum 35, 104 Reykjavík
Sími 553 5353 og 821 5353
www.usr.is
isleifur@usr.is
**Þjónusta allan sólarhringinn**

---



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir og amma,
**Stefanía Baldursdóttir**
Víðimel 63, Reykjavík,
sem lést þann 21. október sl., verður jarðsungin frá Neskirkju fimmtudaginn 3. nóvember kl. 13.00.

**Baldur Haraldsson** — **Edda Hrönn Gunnarsdóttir**
**Þorvaldur Haraldsson** — **Guðrún Helga Jónsdóttir**
**og barnabörn.**

---



Móðir mín, tengdamóðir, amma og langamma,
**Bergljót Eiríksdóttir**
fyrrverandi skrifstofustjóri Ríkissaksóknara,
er látin. Jarðarför verður auglýst síðar.

**Auður Jóhannesdóttir** — **Þorsteinn Jóhannsson**
**Eiríkur Baldur Þorsteinsson** — **Telma Tryggvadóttir**
**Lóa Bergljót Þorsteinsdóttir**
**Jóhanna Margrét Þorsteinsdóttir**
**og langömmubörn.**

---



Elskulegur eiginmaður minn, faðir og tengdafaðir, afi, langafi og bróðir,
**Auðunn S. Hinriksson**
lést miðvikudaginn 26. október.
Útförin fer fram frá Háteigskirkju mánudaginn 7. nóvember kl. 13.00.
Blóm og kransar afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á Hjartavernd eða Einhverfusamtökin (einhverfa.is).

**Helga Halldórsdóttir**
**Margrét Auðunsdóttir** — **Birgir Haraldsson**
**Skúli Sigurðsson**
**Hinrik Auðunsson** — **Nuanchan Phiatchan**
**Hulda Karen Auðunsdóttir** — **Ríkharður Traustason**
**Auðunn S. Auðunsson** — **Gerður Marísdóttir**
**Guðrún Hinriksdóttir** — **Haukur Hannesson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Hjartkær sonur okkar, bróðir, mágur, móðurbróðir, barnabarn og frændi,
**Finnbogi Fannar Jónasson Kjeld**
sem lést fimmtudaginn 20. október, verður jarðsunginn frá Fríkirkjunni í Reykjavík, miðvikudaginn 2. nóvember klukkan 15.00.

**Ragnhildur Kjeld**
**Jónas Helgason**
**Anna Andrea Kjeld** — **Haukur Guðmundsson**
**Arnljót María Kjeld Hauksdóttir**
**Heba Eir J. Kjeld** — **Halldór Sturluson**
**Gylfi Maron Halldórsson**
**Helgi Snær J. Kjeld**
**Helgi Ágústsson**
**móður- og föðursystkini**



Rögnvaldur í hríðarhraglanda á nýju Morsárbrúnni á Skeiðarársandi. Hann byrjaði í brúarsmíði hjá Vegagerðinni árið 1964.
MYNDIR/BJÖRGVIN SIGURJÓNSSON

# Orðinn allra karla elstur

**Rögnvaldur Gunnarsson hjá Vegagerðinni hóf feril sinn sem tæknifræðingur 1971 þegar þrjár stórbrýr á Skeiðarársandi voru á teikniborðinu. Nú kíkti hann á nýju Morsárbrúna.**

Fólkið sem kom nálægt framkvæmdum á Skeiðarársandi áður en hringvegurinn var opnaður er allt hætt störfum nema ég sem er orðinn allra karla elstur. Því langaði mig að fara austur og fylgjast með þegar verið var að herða steypuna á nýju Morsárbrúnni,“ segir Rögnvaldur Gunnarsson, sem nýlega lét af embætti sem forstöðumaður framkvæmdadeildar Vegagerðarinnar eftir 22 ár í því starfi.

Morsárbrúin stendur við hlið stóru Skeiðarárbrúarinnar sem verður brátt rifin því Skeiðará er horfin úr sínum gamla farvegi. Rögnvaldur var nýorðinn tæknifræðingur hjá Vegagerðinni þegar fyrstu brýrnar á sandinum voru byggðar. Nú var hann nálægt því að enda þann feril á sama stað og hann byrjaði. „Það borgar sig samt ekki að vera of fljótur að þykjast loka einhverjum hring þegar náttúruöflin eru annars vegar, þau eru síbreytileg og fara sínu fram,“ bendir hann á, enda enn að vinna hjá Vegagerðinni. Hann hefur verið tryggur þeirri stofnun.



> **Það borgar sig samt ekki að vera of fljótur að þykjast loka einhverjum hring þegar náttúruöflin eru annars vegar, þau eru síbreytileg og fara sínu fram.**

„Ég var í brúarvinnuflokki á vegum Vegagerðarinnar á sumrin frá 1964 til 1968, undir stjórn Eiríks Jónasar Gíslasonar brúarsmiðs. Byrjaði við Steinavötn í Suðursveit, svo fórum við í Öræfin 1965, byggðum þrjár brýr þar. Sumurin 1966 og 1967 brúuðum við Jökulsá á Breiðamerkursandi og Hrútá árið eftir. Þá rákum við líka niður prufustaura á Skeiðarársandi.“

Varstu aldrei í hættu í þessari vinnu? „Ekki töldum við það, strákarnir, jafnvel þótt við sætum á brúarbitum yfir Jökulsá á Breiðamerkursandi þegar verið var að ganga frá þeim, eða lægjum á strengjum og máluðum upp fyrir okkur. En það fór dálítið af buxum í þetta því við renndum okkur niður á rassinum og vorum ekki í neinum hlífðarfötum. En við vorum með öryggisbelti sem við kræktum í strengina þannig að við hefðum ekki hrapað langt þó að okkur fataðist flugið.“

Rögnvaldur lærði tæknifræði í HÍ og fór í framhaldsnám í Noregi. „Ég var ráðinn í brúardeild Vegagerðarinnar þegar ég kom heim árið 1971. Þá voru teiknaðar brýr yfir veturinn og farið út á land á sumrin til að byggja þær. Á þessum tíma voru svo margar óbrúaðar ár í landinu.“

Ekki kveðst Rögnvaldur hafa talið brýrnar sem hann hefur teiknað en getur þó nefnt brýrnar yfir Grímsá á Völlum á Fljótsdalshéraði og Tinnudalsá í Breiðdal. Voru ekki viðbrigði að fara úr gallanum að skrifborðinu?

„Jú, jú, en fyrstu árin fékk ég að vera dálítið úti á mörkinni. Þá var Vegagerðin með átta vinnuflokka sem brúardeildin stýrði. Ég var til dæmis meira og minna á Skeiðarársandi þá tvo vetur sem brýrnar yfir Núpsvötn, Gígjukvísl og Skeiðará voru byggðar. Mitt hlutverk var samsetning á stálbitunum og lyfting þeirra upp á stöplana. Vont veður? Ja, það var stundum hvasst við Núpinn!“

Nú er Rögnvaldur ráðgjafi í hálfu starfi. „Ég reyni að svara ef ég er spurður að einhverju sem fólk heldur að ég muni,“ segir hann kankvís. „Vinn bara mánudaga og þriðjudaga og fram að hádegi á miðvikudögum. Konan mín er komin á eftirlaun en ég tek starfslokin í áföngum til að venja hana við að ég sé heima.“ **gun@frettabladid.is**



✝

Yndislegur faðir okkar, sonur og bróðir,

**Ólafur Björn Baldursson**

lést 24. október. Útförin fer fram frá Dómkirkjunni í Reykjavík föstudaginn 4. nóvember kl. 13. Blóm og kransar afþakkaðir en þeim sem vildu minnast hans er bent á Thorvaldsensfélagið.

**Emil Örn, Alma María og Kári Freyr Ólafsbörn**
**Baldur Ólafsson og María Frímannsdóttir**
**Rósa Kristín Baldursdóttir**



✝

Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,

**Reynir Ragnarsson**
löggiltur endurskoðandi,
Staðarseli 5,

lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi laugardaginn 22. október. Útförin fer fram frá Grafarvogskirkju föstudaginn 4. nóvember kl. 13. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á líknarsjóð Oddfellowa.

**Halldóra Gísladóttir**
**Guðrún R. Kilian** **Robert J. Kilian**
**Gísli Reynisson** **Sigríður Bryndís Stefánsdóttir**
**Arnar Gauti Reynisson** **Sigríður Vala Halldórsdóttir**
**og barnabörn.**



✝

